





Hagstæðasta bílalánið
FRJÁLSI

FRÉTTABLAÐIÐ
FRÍTT
7. júní 2005 - 152. tölublað – 5. árgangur
MEST LESNA DAGBLAÐ Á ÍSLANDI
Veffang: visir.is – Sími: 550 5000

## ÞRIÐJUDAGUR

### Mansal á Íslandi



Angar alþjóðlegrar glæpastarfsemi eru farnir að teygja sig til Íslands í auknum mæli. Margt bendir til að landið sé að verða stökkpallur brotamanna sem leggja fyrir sig mansal.

360° 12-13

### Tilnefningar til Grímunnar



Mýrarljós gæti hreppt ellefu verðlaun.

MENNING 24

### Fyrsti sigur á A-liði Svía í tæp 17 ár



Íslenska handboltalandsliðið kvaddi markvörð sinn til margra ára, Guðmund Hrafnkelsson, með tímamótasigri á Svíum, 36-32.

ÍÞRÓTTIR 20-21

### VEÐRIÐ Í DAG




**HÁLFGERT SLAGVIÐRI** um sunnan- og vestanvert landið því vindur vex nokkuð um og eftir hádegi. Úrkomulítið norðaustantil. Dregur úr vætu með kvöldinu. Milt.

VEÐUR 4

# Orkuveitan í baðrekstur

**Orkuveita Reykjavíkur í samstarfi við Saga heilsa og spa kannar nú hvort byggja eigi upp heilsutengda ferðaþjónustu á Nesjavallasvæðinu. Framkvæmdastjóri Bláa lónsins telur óeðlilegt að opinbert fyrirtæki hyggist standa í slíkum rekstri.**

**NESJAVELLIR** Orkuveita Reykjavíkur vinnur að hönnun gistiaðstöðu og baðsvæðis í landi fyrirtækisins á Nesjavöllum. Nýta á náttúrulegt afrennsli frá jarðhitasvæðinu til baðsvæðisins sem svipar til þess rekstrar sem Bláa lónið er með í Svartsengi á Reykjanesi.

Guðmundur Þóroddsson, forstjóri Orkuveitu Reykjavíkur, segir að auglýst hafi verið eftir samstarfsaðilum fyrir um ári og fyrirtækið Saga heilsa og spa ehf. hafi orðið fyrir valinu. Nú sé unnið að því að þróa samstarfið. Hann segir að ekki sé gert ráð fyrir álíka stóru baðsvæði og í Bláa lóninu.

„Nei, ég held að það verði ekki jafn stórt en það er unnið að því að þróa þetta samstarf hér innan Orkuveitunnar og þegar þeirri vinnu er lokið verður tilkynnt þar um,“ segir Guðmundur. Hann segir hugmyndina byggjast á svipuðum forsendum og samstarf Orkuveitunnar í nýrri frístundabyggð við Úlfljótsvatn en þá leggur Orkuveitan til landsvæði og fær aðra aðila sem séu sérfróðir á því sviði sem við á hverju sinni til að þróa verkefnið áfram. Þannig er staðið að verki með Klasa ehf., dótturfyrirtæki Íslandsbanka, í landinu við Úlfljótsvatn.

Guðmundur Björnsson, læknir og framkvæmdastjóri Saga heilsa og spa ehf., segir að nú sé unnið að gerð viðskiptaáætlana fyrir heilsutengda ferðaþjónustu á Nesjavallasvæðinu. Hann segir þó að málið sé enn á frumstigi því fyrst þurfi að gera markaðsrannsóknir og kanna arðsemi slíkrar fjárfestingar og því sé ekki hægt á þessu stigi að slá því algjörlega föstu að af framkvæmdunum verði.

Grímur Sæmundsen, framkvæmdastjóri Bláa lónsins, segist út af fyrir sig fagna því að keppt sé við fyrirtæki sitt, það sé eðlilegt að reynt sé að byggja á góðum árangri annarra. Hins vegar telur Grímur óeðlilegt að opinbert fyrirtæki skuli standa í slíkum samkeppnisrekstri. Heppilegast væri ef Orkuveita Reykjavíkur tæki sem minnstan þátt í verkefninu.

- hb/oá





FRÉTTABLAÐIÐ/PÁLL BERGMANN

**Á ÍSLANDI FYRIR EINSKÆRA FORVITNI** Þessi fallega skúta heitir Hetairos og liggur nú bundin við Miðbakka Reykjavíkurhafnar. Skútan er 42 metrar á lengd og hæsta mastur hennar skagar um 45 metra upp í loftið. Fimm fræknir Írar sigla fleyinu en þeir segjast hafa komið til Íslands fyrir einskæra forvitni. Skútan er skráð á hinum fögru Cayman-eyjum í Karíbahafinu.

Hellur & steinar



STEYPUSTÖÐIN
S. 540 6800
www.steypustodin.is

Sextán friðargæsluliðar til Afganistans í sumarlok:

# Vopnaðir í fullum herklæðum

**FRIÐARGÆSLA** Íslensku friðargæsluliðarnir sem ákveðið hefur verið að senda til Afganistans munu fara utan um miðjan september.

„Við munum senda átta friðargæsluliða til Norður-Afganistans í samstarfi við Norðmenn og Finna, og aðrir átta verða sendir til Vestur-Afganistans í samstarfi við Litháa og Dani,“ segir Arnór Sigurjónsson, skrifstofustjóri íslensku friðargæslunnar hjá utanríkisráðuneytinu. Íslensku friðargæsluliðarnir munu notast við fjóra sérútbúna Nissan Patrol-jeppa við störf sín.

„Það er tvennt sem gerir framlag okkar sérstaklega mikilvægt. Annars vegar eru það sérútbúnu jepparnir sem friðargæsluliðarnir munu nota, því við búum yfir kunnáttu í notkun slíkra ökutækja við erfiðar aðstæður. Í öðru lagi er það hlutverk endurreisnar- og uppbyggingarsveitanna en þær aðstoða við samræmingu, skipulagningu, uppbyggingu og mannúðaraðstoð á viðkomandi svæðum. Jafnframt því sem viðvera þeirra er til þess fallin að efla traust milli stjórnvalda og heimamanna,“ segir Arnór.

Íslendingar hafa skuldbundið sig til að halda friðargæsluliðinu úti í eitt ár í Afganistan. Verið er að ganga frá því hvaða menn munu fara utan. Friðargæsluliðarnir verða einkennisklæddir og munu bera vopn.

- ifv



**ÍSLENSKIR FRIÐARGÆSLULIÐAR** Íslenskar friðargæslusveitir verða sendar til Afganistans um miðjan septembermánuð. Þessi mynd er hins vegar af þeim sem fóru út í fyrra.





## SPURNING DAGSINS

*Brynja, fá álfarnir gistingu?*

„Þeir þurfa þess ekki enda eiga þeir híbýli hér úti um allt. En þeir eru velkomnir hvenær sem er.“

Brynja Brynjarsdóttir á Hraunsnefi breytir gömlu fjárhúsi í gistiheimili ásamt manni sínum. Framkvæmdir gengu illa þangað til leyfi fékkst frá álfunum sem búa við bæinn.

Alþjóðastríðsglæpadómsstóllinn í Haag:

# Voðaverkin í Darfur rannsökuð

**HAAG, AP** Alþjóðastríðsglæpadómstóllinn í Haag tilkynnti í gær að hann hygðist rannsaka ásakanir um stríðsglæpi í Darfur-héraði í Súdan. Súdönsk stjórnvöld ætla ekki að vinna með starfsmönnum dómstólsins.

Í yfirlýsingu sinni í gær sögðu saksóknarar við Alþjóðastríðsglæpadómstólinn að rannsókn þeirra yrði „sjálfstæð og óháð og myndi beinast að þeim einstaklingum sem bæru ábyrgð á grimmdarverkunum sem framin hafa verið í héraðinu undanfarin misseri.“ Þetta verður stærsta verkefni réttarins síðan hann var settur á fót árið 2002.



**SÚDÖNSK STJÓRNVÖLD ÓSAMVINNUÞÝÐ** Mustafa Osman Ismail (t.h.), utanríkisráðherra Súdans, sést hér með Amr Moussa, framkvæmdastjóra Arabaráðsins. Súdanar ætla ekki að starfa með Alþjóðastríðsglæpadómstólnum.

Síðan átök hófust í Darfur í febrúar 2003 er talið að 180.000 manns hafi týnt lífi og tvær milljónir manna hafi hrakist frá heimilum sínum.

Ásakanir um illvirki skæruliðaflokka, studdum af ríkisstjórninni, komu á borð öryggisráðs Sameinuðu þjóðanna í apríl og vísaði ráðið málinu áfram til dómsstólsins. Bandaríkin viðurkenna ekki lögsögu dómstólsins en ákváðu samt að beita ekki neitunarvaldi sínu.

Súdönsk stjórnvöld hafa þegar lýst því yfir að þau ætli ekki að starfa með starfsmönnum dómsstólsins og þykir formælendum mannréttindasamtaka það til marks um að þau viti upp á sig sökina. ■

Umferðarstofa:

# Ungir brjóta minna af sér

**UMFERÐARMÁL** Umferðarbrotum ungra ökumanna, á aldrinum sautján til tuttugu og fimm ára, hefur fækkað umtalsvert.

Einar Magnús Magnússon, starfsmaður Umferðarstofu, segir það mikið ánægjuefni. „Við teljum bætta ökukennslu, þar sem æfingaraksturstíminn er mun lengri en hann var, og nýtt umferðarbrotakerfi hafa breytt miklu,“ segir Einar og vitnar þar til punktakerfisins sem tekið var upp fyrir nokkru.

Að auki segir hann mikið forvarnarstarf í þessum aldurshópi hafa hjálpað mikið til. - mh

Skeggrætt um Suðurskautið:

# Sektir fyrir sóðaskap

**STOKKHÓLMUR, AP** Meira en 300 vísindamenn og sérfræðingar í málefnum Suðurskautslandsins komu saman á ráðstefnu í Stokkhólmi í gær til að ræða málefni þessarar köldu heimsálfu.

Á ráðstefnunni voru áhrif hlýnandi loftslags og aukins ferðamannaiðnaðar á álfuna ofarlega á baugi. Einnig var tekin til umræðu tillaga þar sem stungið er upp á að gera stórfyrirtæki skaðabótaskyld ef þau valda umhverfisspjöllum við Suðurskautslandið.

Samkvæmt Suðurskautssamningnum frá árinu 1959 er Suðurskautið heimsálfa sem helguð er friði og vísindum.

Þegar Suðurskautssamningurinn var gerður á sínum tíma markaði hann viss tímamót í samskiptum þjóða sem litlir kærleikar voru með. Bandaríkin, Sovétríkin sálugu og Bretland undirgengust þennan tímamótasamning, sem þá þóttu tíðindi. ■

## LÖGREGLUFRÉTTIR

**INNBROT Á HÚSAVÍK**
Brotist var inn í Netagerð Ísfells á Húsavík í gærmorgun. Að sögn lögreglu leit út fyrir að einhverjum fjármunum hefði verið stolið. Málið er í rannsókn.

**VINNUSLYS Á STÖÐVARFIRÐI**
Skjólborð fauk á ökumann vörubíls á Stöðvarfirði um kvöldmatarleytið í gær. Að sögn lögreglu var maðurinn fluttur á sjúkrahús með einhverja áverka á síðu.

**BÍLSLYS Í HVALFJARÐARGÖNGUM**
Flutningabíll fór utan í gangavegginn í Hvalfjarðargöngunum á níunda tímanum í gærkvöld. Að sögn lögreglu varð ökumaður flutningabílsins fyrir minniháttar meiðslum. Göngunum var lokað í um það bil klukkutíma á meðan lögregla athafnaði sig á slysstað.



**Á LOÐNUMIÐUM** Óvissa ríkir um loðnugegnd við landið og þar með fæðuframboð fyrir þorskinn.

# Þorskafli niður fyrir 200 þúsund tonn

**Fiskifræðingar eru áhyggjufullir vegna lélegrar nýliðunar í þorskstofninum mörg undanfarin ár en telja hrygningarstofninn vera á uppleið. Ýsustofninn er í afar góðu ástandi og leggur Hafrannsóknastofnunin til að afli verði aukinn um 15 þúsund tonn.**

**SJÁVARÚTVEGUR** Hafrannsóknastofnunin leggur til að dregið verði úr þorskveiðum um sjö þúsund tonn á næsta fiskveiðiári. Stofnunin leggur til að aflahámark í þorski verði 198 þúsund tonn.

Fram kemur í skýrslu stofnunarinnar um nytjastofna og aflahorfur á næsta fiskveiðiári að nýliðun í þorskstofninum hafi verið undir væntingum undanfarin ár og enn sjáist ekki veruleg batamerki þótt hrygningarstofninn sé tekinn að stækka. Talið er að ef þorskur verði veiddur samkvæmt núgildandi aflareglu séu töluverðar líkur á að hrygningarstofninn fari aftur minnkandi. Að mati Hafrannsóknastofnunarinnar hafa verið veidd um 30 prósent af stofninum á ári undanfarin 10 ár. Yfirgnæfandi líkur eru taldar á að hrygningarstofninn vaxi ef þetta hlutfall verður lækkað niður í 20 prósent og af þeim sökum ætlar stofnunin að fara fram á breytingar á aflareglu með það í huga að lækka veiðihlutfallið.

Ástand ýsustofnsins er talið gott og athygli vekur afar sterk nýliðun og aukin útbreiðsla. Því er lagt til að aflahámark verði 105 þúsund tonn í stað 90 þúsund tonna hámarks í fyrra. Miðað við aflareglu mætti veiða allt að 140 þúsund tonn. Hafrannsóknastofnunin telur hins vegar að flotinn muni forðast að veiða smæstu og yngstu ýsuna þótt hún sé komin inn í veiðistofninn auk þess sem búast megi við að skyndilokanir verði fleiri.

Ástand ufsa er viðunandi að mati stofnunarinnar og er mælt með fimm þúsund tonna aukningu aflahámarks eða 80 þúsund tonnum.

Grálúðuafli á sóknareiningu hefur minnkað um 50 prósent undanfarin ár og benda mælingar til að stofninn sé í sögulegu lágmarki. Lagt er til 15 þúsund tonna aflahámark. Engin breyting verður á steinbíts- og síldveiðum samkvæmt tillögunum.

Hafrannsóknastofnunin leggur til að einungis verði heimilt að veiða 10 þúsund tonn af úthafsrækju samanborið við 15 þúsund á yfirstandandi fiskveiðiári.

Að mati fiskifræðinganna eru jákvæðar fréttir þær að ýsa, ufsi og skötuselur séu í vexti og kolmunni og norsk-íslenska síldin sýni sig nær landinu. Horfurnar séu aftur á móti ekki eins góðar varðandi þorsk, rækju, loðnu, grálúðu og karfa.

johannh@frettabladid.is



**STAÐNIR AÐ VERKI** Sjóræningjaskip hafa verið iðin við kolann í námunda við íslensku fiskveiðilögsöguna að undanförnu.

Sunny Jane:

# Fékk ekki að landa aflanum

**SJÁVARÚTVEGUR** Sjóræningjaskipið Sunny Jane fékk ekki að landa illa fengnum afla sínum í Hollandi í gær. Landhelgisgæslan hafði fyrir helgi spurnir af skipinu og að ólöglegum afla hefði verið umskipað yfir í það úti af Reykjaneshrygg en Sunny Jane er flutningaskip sem siglir undir belískum fána.

Að sögn Kristjáns Þ. Jónssonar, yfirmanns gæslumála hjá Landhelgisgæslunni, er ekki enn vitað hvort eða hvar skipið reynir að landa næst en fylgst verður með ferðum þess á næstu dögum. - oá

## BANDARÍKIN

**MARIJÚANA BANNAÐ** Hæstiréttur Bandaríkjanna bannaði í gær notkun marijúana í læknisfræðilegum tilgangi. Rétturinn komst að þeirri niðurstöðu að sérstök lög sumra fylkja sem leyfa notkun efnisins í læknisfræðilegum tilgangi verndurðu neytendur ekki fyrir alríkislögum sem banna alla notkun efnisins.

**KLÆÐSKIPTINGUR KÆRIR** Félagsfræðiprófessor sem rekinn var frá Georgetown-háskóla fyrir að klæðast kvenmannsfötum hefur nú kært skólann fyrir ólöglega mismunun. Prófessorinn, Jeremy Kerr segist klæðast kvenmannsfötum til að mótmæla hnignum femínismans í nútíma samfélagi.


AUDI A4

Nýskr. 08.2003 2000cc, 4 dyra, sjsk., ekinn 30 þ.

Tveir eigendur Gott eintak



2.830 þ.

575 1230

Opi mán-fös 10-18 og lau 12-16

bílaland B&L notaðir bílar

Grjóthálsi 1 bilaland.is


Sýningum RÚV á íslenskum sjónvarpsþáttum frestað um eitt ár:

# Framleiðendur þáttanna í klípu

**MENNING** „Það er mjög leiðinlegt fyrir okkur að koma þáttunum ekki frá okkur og fá viðbrögð við þeim. RÚV hefur nú þegar greitt sinn hlut í framleiðslu þáttanna, milli 20 og 30 milljónir króna, en ákvörðun RÚV um að sýna ekki þættina fyrr en á næsta ári kemur í veg fyrir að við getum sagt hvaða viðtökur þættirnir hafa fengið á Íslandi þegar við erum að reyna að selja þættina til annarra landa,“ segir Ólafur Rögnvaldsson framleiðandi sjónvarpsþáttanna Allir litir hafsins eru kaldir sem RÚV hefur ákveðið að sýna ekki fyrr en eftir áramót.

„RÚV ætlar fyrst og fremst að berjast við aðrar sjónvarpsstöðvar um erlent efni þegar stöðin ætti að gera íslensku efni hærra undir höfði. RÚV ætti að einbeita sér meira að því að framleiða íslenskt sjónvarpsefni. Áherslan á íþróttir og erlenda sjónvarpsþætti er of mikil,“ segir Ólafur.



**ALLIR LITIR HAFSINS ERU KALDIR** Framleiðsla þáttanna kostaði 120 millljónir króna og hefur RÚV greitt milli 20 og 30 milljónir króna. RÚV var forkaupandi að þáttunum og hefur því frumsýningarréttt á þeim hér á landi.

Anna Th. Rögnvaldsdóttir, handritshöfundur og leikstjóri þáttanna, segir að ákvörðun RÚV um að geyma þættina í eitt ár komi sér mjög illa því að verðmæti þeirra rýrni fyrir vikið. „Mér finnst ótrúlegt hvað RÚV hefur lítið fjármagn til að kaupa innlent efni miðað við þær miklu tekjur sem stofnunin hefur,“ segir Anna. - ifv



# 4,15% Íbúðalán SPRON
# öllum opin

## Við afnemum skilyrði um önnur bankaviðskipti

Himinn og haf / SÍA

**Viltu endurfjármagna?**

- Íbúðalán SPRON með 4,15% vöxtum hentar vel til endurfjármögnunar á eldri lánum.

**Ertu að kaupa íbúð?**

- Þú getur sótt um Íbúðalán SPRON með 4,15% vöxtum hjá SPRON.
- Einnig bjóðum við samsett Íbúðalán SPRON og Íbúðalánasjóðs á www.ibudalan.is – 4,15% vextir.

Þeir sem eru í fjölskylduþjónustu SPRON fá endurgreiðslu
á hluta af greiddum vöxtum vegna Íbúðalána SPRON.

Íbúðalán SPRON eru háð útlánareglum SPRON
Upplýsingar í síma 550 1200, 550 1400 eða á www.spron.is

spron
– fyrir allt sem þú ert

## GENGIÐ

GENGI GJALDMIÐLA 06.06.2005

| | | KAUP | SALA |
|---|---|---|---|
| Bandaríkjadalur | USD | 64,43 | 64,73 |
| Sterlingspund | GBP | 117, 27 | 117,85 |
| Evra | EUR | 78,99 | 79,43 |
| Dönsk króna | DKK | 10,62 | 10,68 |
| Norsk króna | NOK | 10,02 | 10,08 |
| Sænsk króna | SEK | 8,64 | 8,69 |
| Japanskt jen | JPY | 0,60 | 0,60 |
| SDR | XDR | 94,95 | 95,51 |

*Gengisvísitala krónunnar*

**110,93 -1,88%**

HEIMILD: Seðlabanki Íslands

Hizbollah vann stórsigur í líbönsku þingkosningunum:

# Ísraelar uggandi yfir úrslitunum

**BEIRÚT, AP** Hizbollah-samtökin og bandamenn þeirra sigruðu með yfirburðum í öðrum hluta líbönsku þingkosninganna á sunnudag. Sigurinn veldur Ísraelum talsverðu hugarangri.

Hassan Sabei innanríkisráðherra lýsti því yfir í gær að Hizbollah og sjíasamtökin Amal hefðu unnið öll sautján þingsætin sem kosið var um í suðurhluta landsins í fyrradag. Þá hafði þegar verið ljóst að sex frambjóðendur sameiginlegs framboðs hreyfinganna hefðu til viðbótar verið sjálfkjörnir. Þar með hlaut framboðið 23 þingsæti sem skiptast á milli fjölmargra trúarhópa sem að því standa.

Formælandi ísraelska utanríkisráðuneytisins kvaðst í gær áhyggjufullur yfir að Hizbollah væri komin í lykilstöðu í héraði sem ætti landamæri að Ísrael en Ísraelar telja heyfinguna vera hættuleg hryðjuverkasamtök. Hizbollah hefur reyndar neitað að afvopnast eins og ályktanir Öryggisráðs Sameinuðu þjóðanna kveða á um en forsvígismenn samtakanna segjast heyja lögmæta baráttu gegn ísraelskum hermönnum á umdeildu landsvæði á landamærum ríkjanna.

Þriðji hluti kosninganna er svo á sunnudag og er reiknað með að Hizbollah geti vegnað ágætlega þá líka. ■



**STUÐNINGSMENN HIZBOLLAH** Gulur fáni Hizbollah-samtakanna blakti víða í Líbanon um helgina. Allt frá stofnun þeirra hafa sjíar í suðurhluta landsins notið góðs af mannúðarstarfi samtakanna þótt flestir á Vesturlöndum tengi þau við hryðjuverk.

Kárahnjúkavirkjun:

# Fimm ákærðir vegna slyss

**DÓMSMÁL** Í dag verður tekið fyrir í Héraðsdómi Austurlands mál sem ríkissaksóknari höfðar gegn fimm starfsmönnum við Kárahnjúkavirkjun sem sakaðir eru um vanrækslu í starfi þegar starfsbróðir þeirra lést eftir að hafa orðið fyrir stóru grjóti við vinnu í fyrra.

Sjaldgæft er að starfsmenn séu sóttir til refsiábyrgðar fyrir brot á lögum um öryggi og aðbúnað á vinnustað og er líklegt að niðurstaða málsins verði fordæmisgefandi fyrir dóma á sviði refsiréttar.

- mh

Deilurnar í Garðasókn:

# Söfnuðurinn gæti klofnað

**GARÐABÆR** Fjöldamörg sóknarbörn í Garðasókn eru verulega óánægð með að aðalsafnaðarfundur hafi ekki verið haldinn í síðasta mánuði eins og er kveðið á um í lögum um starfshætti Þjóðkirkjunnar. Hátt í fjögur hundruð sóknarbörn hafa skrifað undir áskorun um að fundurinn verði haldinn sem fyrst og hafa sóknarbörn jafnvel rætt um að stofna fríkirkjusöfnuð í Garðabæ.



FRÉTTABLAÐIÐ/E.ÓL.

**BLIKUR Á LOFTI YFIR VÍDALÍNSKIRKJU** Ekkert lát virðist vera á deilunum í Garðasókn og nú síðast var aðalsafnaðarfundi sóknarinnar frestað.

Úrskurðarnefnd Þjóðkirkjunnar lagði til fyrr á árinu að séra Hans Markús Hafsteinsson yrði fluttur til í starfi vegna brots í starfi. Hann áfrýjaði hins vegar þeim úrskurði fyrir mánuði. Stuðningsmenn prestsins telja að verið sé að bola farsælum presti úr starfi.

Framkvæmdanefnd sóknarnefndarinnar ákvað að höfðu samráði við Biskupsstofu að fresta fundinum, þrátt fyrir lagaákvæðið, þar til úrskurður áfrýjunarnefndarinnar liggur fyrir.

– grs

## KANADA

**BÓLUEFNI UPPGÖTVAÐ** Kanadískir vísindamenn telja sig hafa uppgötvað bóluefni við bæði ebólaveirunni og marburg-veirunni. Bóluefnið virkar á apa í 100% tilvika. Ef bóluefnið hefur sömu áhrif á menn þá er þetta eitt stærsta einstaka framfaraskref kanadískra læknavísinda í áratugi. Báðar þessar veirur eru stórhættulegar og draga menn undantekningalítið til dauða á aðeins örfáum dögum.



**HALLDÓR ÁSGRÍMSSON FORSÆTISRÁÐHERRA** „Störf hafa verið að færarst héðan í fataiðnaði, sjávarútvegi og fleiri greinum.“

# Betur launuð störf í stað láglaunastarfa

**Halldór Ásgrímsson forsætisráðherra segir að greinar sem erfiðast eigi uppdráttar verði undir en í stað komi betur launuð störf. Hann vísar á bug hugmyndum Kristins H. Gunnarssonar, þingmanns Framsóknarflokksins, um að flytja 20 þúsund tonna kvóta til staða sem ekki njóti stóriðjuframkvæmda.**

Halldór Ásgrímsson forsætisráðherra kveðst ekki sjá hvernig útfæra eigi hugmyndir þær sem Kristinn H. Gunnarsson, þingmaður Framsóknarflokksins og varaformaður sjávarútvegsnefndar, setti fram í ræðu á Patreksfirði á sjómannadaginn. Kristinn mælti með því að 20 þúsund tonna aflaheimildir yrðu fluttar til staða sem ekki nytu stóriðjuuppbyggingarinnar.

„Við búum hér við ákveðið fiskveiðistjórnunarkerfi og allir vita hvernig það virkar. Það er ekki verið að byggja upp stóriðju nema á tveimur stöðum á landinu: á Reyðarfirði og í grennd við Akranes.“

Fram hefur komið að hátt gengi krónunnar veldur útflutningsgreinunum erfiðleikum, meðal annars í fiskvinnslu á Bíldudal og hjá Skinnaiðnaði á Akureyri. „Að því er varðar skinnaiðnaðinn er þetta ekki nýtt. Greinin hefur átt undir högg að sækja meðal annars vegna þess að vinnulaunin eru lægri í öðrum löndum. Greinar sem eiga erfiðast uppdráttar verða undir en í stað láglaunastarfa koma betur launuð störf. Þetta á ekki aðeins við um Ísland heldur allt alþjóðasamfélagið. Störf hafa verið að færarst héðan í fataiðnaði, sjávarútvegi og fleiri greinum, meðal annars til Kína. Þegar til lengri tíma er litið skiptir höfuðmáli að við stöndum okkur í alþjóðlegri samkeppni og ég tel að við séum að gera það,“ segir forsætisráðherra.

Verðbólguþrýstinginn og hátt gengi krónunnar hefur verið rakið til stóriðjuframkvæmda og spennu á húsnæðismarkaði. Halldór segir að verðbólga mælist varla sé húsnæðisliðurinn dreginn frá. „Vísbendingar eru um að úr þeirri spennu sé að draga. Framkvæmdir ríkisins eru 20 prósentum minni árið 2005 og 2006 en árin næst á undan og þannig sýnir ríkissjóður mikið aðhald. Svo virðist sem framkvæmdir hjá stærri sveitarfélögunum og ástandið á húsnæðismarkaði séu aðalástæðurnar fyrir spennunni.“

„Ég tel að uppbyggingin í stóriðju sé mikilvæg. Margar hliðargreinar í hátækni hafa stuðning af stóriðjuframkvæmdum. Þetta kemur mjög skýrt fram hjá öllum sem starfa í slíkum hátæknigreinum,“ segir Halldór Ásgrímsson.

johannh@frettabladid.is

## SPÁNN

**FJÖLGAR Í SPÆNSKU KONUNGSFJÖLSKYLDUNNI** Cristinu prinsessu, dóttur Jóhanns Karls Spánarkonungs og Soffíu drottningar, fæddist um helgina dóttir. Þetta er fjórða barn hennar og sjötta barnabarn konungshjónanna. Cristina, sem er 39 ára, er gift fyrrverandi handboltakappanum Inaki Urdangarin.



FRÉTTABLAÐIÐ/STEFÁN

**HILDUR DUNGAL** Hugsanlega verður hert gæsla við Kárahnjúka í sumar vegna komu atvinnumótmælenda.

Mótmælendur við Kárahnjúka:

# Stjórnvöld á varðbergi

**KÁRAHNJÚKAR** Lögregluyfirvöld og Útlendingastofnun hafa verið að skoða hugsanlegan viðbúnað vegna fyrirhugaðrar komu atvinnumótmælenda sem hyggjast dvelja í tjaldbúðum við Kárahnjúkavirkjun nú í sumar. Þetta segir Hildur Dungal forstjóri Útlendingastofnunar.

Nú er verið að skoða hversu mörgum atvinnumótmælendum má búast við og í framhaldi af því verður tekin ákvörðun um hertan viðbúnað. Hildur segir að mál sem þessi komi yfirleitt fyrst á borð Ríkislögreglustjóra og sýslumannsins á Keflavíkurflugvelli sem síðan hafi samband við Útlendingastofnun ef ástæða þykir til.

- oá




## VEÐRIÐ Í DAG

**JÆJA, ÞÁ ER SUMARIÐ KOMIÐ!!!** Já, það verður dæmigerður rigningardagur um sunnan og vestanvert landið, annars staðar þurrt að kalla og fremur skýjað. Nú fær gróðurinn sitt og það er fínt. Hins vegar stendur þessi rigningartíð ekkert mjög lengi. Á morgun verður úrkomulítið á landinu og jafnvel að hann rífi dálítið af sér til að rýma fyrir þeirri gulu.

**FÍNN HITI** Hitinn á landinu er með afbrigðum góður. Í dag má búast við hita á bilinu 10-19 stig, sennilega hlýjast austur á Héraði.



Kveðja,
Sigurður Ragnarsson,
veðurfræðingur

### Um hádegi




### Á morgun




Ákveðin vestlæg átt.

### Fimmtudagur




Hæg breytileg átt.

### Veðurhorfur í borgum í dag

| | | | | | |
|---|---|---|---|---|---|
| Kaupmannahöfn | 12°C skýjað | París | 25°C þrumur | Alicante | 27°C hálfskýjað |
| Osló | 18°C hálfskýjað | Berlín | 17°C hálfskýjað | Milano | 21°C hálfskýjað |
| Stokkhólmur | 15°C alskýjað | Frankfurt | 16°C alskýjað | New York | 32°C þrumuveður |
| Helsinki | 14°C léttskýjað | Madrid | 28°C hálfskýjað | San Francisco | 18°C léttskýjað |
| London | 17°C hálfskýjað | Barcelona | 25°C hálfskýjað | Orlando/Florida | 32°C þrumuveður |

Svæði þar sem búast má við talsverðri vætu eru skyggð á kortinu. Minniháttar úrkoma er táknuð með dropum. Hitatölur sýna hæstu hitagildi.


ICE 767
San Francisco
Netsmellir frá 57.900 kr.*
ÍSLENSKA AUGLÝSINGASTOFAN/SIA.IS ICE 28584 06/2005
MasterCard
*Bókað á www.icelandair.is
Ferðatímabil: 16. ágúst - 15. október 2005.
Þetta flug gefur 5800 Vildarpunkta.
ICELANDAIR
www.icelandair.is



## KJÖRKASSINN

*Á að leysa þjálfara landsliðsins í knattspyrnu frá störfum eftir tapið gegn Ungverjum?*

**Niðurstöður gærdagsins á** visir.is

| | |
|---|---|
| Já | 38,56% |
| Nei | 61,44% |

**SPURNING DAGSINS Í DAG:**

*Á að færa þeim sjávarbyggðum sem ekki njóta góðs af stóriðjuframkvæmdum viðbótarkvóta?*

Farðu inn á fréttahluta visir.is og segðu þína skoðun

vísir

Jarðsprengja sprengd undir rútu fullri af fólki:

# Tugir Nepala týna lífi í sprengingu

**KATMANDÚ, AP** Að minnsta kosti 38 Nepalar biðu bana þegar sprengja sprakk undir rútu sem þeir voru farþegar í. Stjórnvöld kenna maóistum um verknaðinn.

Rútan var á ferð um sveitahérað í suðurhluta landsins þegar jarðsprengjan sprakk undir henni. Svo virðist sem tilræðismaðurinn hafi falið sig á bak við tré skammt frá og sett sprenginguna af stað. Hún var svo öflug að vagninn hentist upp í loftið og lenti svo utan við veginn.

38 farþegar drekkhlaðinnar rútunnar létust og 71 slasaðist í sprengingunni. Sjúkrahús í nágrenninu gátu vart annað álaginu sem myndaðist í kjölfarið.

Ríkisstjórnin hefur þegar kennt uppreisnarmönnum maóista um tilræðið en þeir hafa hvorki neitað því né játað. Enda þótt þeir kveðist ekki ráðast gegn óbreyttum borgurum hafa þeir stundum beint spjótum sínum að rútubílstjórum sem aka þrátt fyrir boð þeirra um vinnustöðvun. Ekkert slíkt boð var hins vegar í gildi nú.

Maóistar hafa átt í skæruhernaði við stjórnvöld síðan 1996 sem hefur kostað 11.500 mannslíf. Þegar Gyanendra konungur tók sér alræðisvald í landinu í febrúar síðastliðnum hafa róstur í landinu aukist umtalsvert. ■



FRÉTTABLAÐIÐ/AP

**RÚSTIR EINAR** Rútan gereyðilagðist í sprengingunni og miðað við verksummerki er engin furða að manntjón hafi orðið svo mikið.

Fékk fangelsisdóm:

# Stakk mann sinn í bakið

**DÓMSMÁL** Kona á fertugsaldri var í gær dæmd í fimmtán mánaða fangelsi fyrir að stinga sambýlismann sinn í bakið með búrhnífi. Atvikið átti sér stað í íbúð þeirra við Kleppsveg. Bæði voru þau undir áhrifum áfengis og var maður hennar búinn að beita konu sína líkamlegu ofbeldi skömmu áður. Konan játaði að hafa reiðst snögglega og stungið mann sinn en dró úr játningunni með því að segjast hafa verið að hræða hann með verknaðinum og hann framinn í ógáti. Tólf mánuðir af dómnum eru skilorðsbundnir. - mh

## LÖGREGLAN

**ERILL Á ESKIFIRÐI** Mikill mannfjöldi var saman kominn á Eskifirði um helgina og hafði lögregla í nógu að snúast. Sérstaklega var mikið að gerast á dansleik á laugardagskvöldið og þurfti lögreglan að grípa inn í ryskingar milli gesta á ballinu.

**TEKINN MEÐ LÍTILRÆÐI FÍKNIEFNA** Lögreglan í Kópavogi tók einn mann með lítilræði af fíkniefnum í fyrrinótt. Ljóst þykir að efnin hafi verið ætluð til eigin neyslu eingöngu. Maðurinn hefur áður komið við sögu lögreglu vegna fíkniefnabrota.

# Trúnaðarbrestur milli stjórnar og skólastjóra

**Foreldrar barna í Landakotsskóla héldu skyndifund í gærkvöld í kjölfar afsagnar skólastjórans sem kveðst óánægður með nýja stjórn skólans. Áskorun um stuðning við skólastjórann var samþykkt einróma.**

**SKÓLAMÁL** „Ég hafði ekki áhuga á því að vinna áfram í Landakotsskóla við nýjar aðstæður; það varð breyting á rekstrarforminu, ný stjórn tók við. Ég kærði mig ekki um að vinna áfram með þessari nýju stjórn," segir séra Hjalti Þorkelsson, fráfarandi skólastjóri Landakotsskóla, sem sagði starfi sínu lausu 3. júní síðastliðinn.

Í maí sagði Gunnar Örn Ólafsson, formaður rekstrarfélags skólans, Bessí Jónsdóttur aðstoðarskólastjóra upp störfum. Bessí leitar nú lagalegs réttar síns því hún telur að með uppsögninni hafi verið brotið á sér bæði lagalega og siðferðislega.

Samkvæmt heimildum Fréttablaðsins undi Hjalti uppsögn Bessíar illa og óskaði eftir því í kjölfarið að fá óskorað umboð til að sjá um starfsmannamál í skólanum. Ósk Hjalta um umboðið var hafnað af Gunnari Erni í byrjun mánaðarins.

Í gærdag fóru fram fundir í Landakotsskóla vegna breytinganna í skólanum. Irena Kojic, formaður kennararáðs Landakotsskóla, segir að á fundum dagsins hafi skólayfirvöld ákveðið einhuga að halda áfram því góða starfi sem unnið sé í skólanum. Hún segir undirbúning fyrir næsta skólaár vera hafinn og kennararáð hafi umboð til að ráða nýjan skólastjóra og kennara.

Foreldrar barna í Landakotsskóla efndu til fundar í Reykjavíkurakademíunni síðdegis í gær. Um 90 manns mættu á fundinn.

Séra Hjalti tók til máls í byrjun fundar og lýsti þar ástæðum ákvörðunar sinnar. Á fundinum var samin ályktun þar sem því var lýst yfir að foreldrar barna við skólann hefðu þungar áhyggjur af því ófremdarástandi sem skapast hefði í skólanum síðustu vikurnar. Skorað var á stjórn Landakotsskóla að ráða Hjalta á ný sem skólastjóra og að frumforsenda fyrir því væri að skólastjórn veitti Hjalta fullt og óskorað umboð til að fara með starfsmannamál. Að lokum var farið fram á það að skólastjórn héldi fund með foreldrum barna við Landakotsskóla. Áskorunin var samþykkt einróma af viðstöddum.

ingi@frettabladid.is



**SÉRA HJALTI ÞORKELSSON** „Það tíðkast hvergi nokkurs staðar í skólakerfinu að formaður skólanefndar geti gengið inn á gólf og sagt: „ég vil að þessi starfsmaður víki," eins og gerðist í tilviki Bessíar," sagði skólastjórinn fráfarandi m.a. á fundinum í Reykjavíkurakademíunni.



FRÉTTABLAÐIÐ/AP

**JACK STRAW** Hann sér engan tilgang með þjóðaratkvæðagreiðslu úr því sem komið er.

Stjórnarskrársáttmáli ESB:

# Bretar slá kosningu af

**BRETLAND** Jack Straw, utanríkisráðherra Bretlands, tilkynnti breskum þingmönnum í gær að ríkisstjórnin hefði ákveðið að fresta öllum áformum um þjóðaratkvæðagreiðslu um stjórnarskrársáttmála Evrópusambandsins. Í ljósi úrslitanna í Frakklandi og Hollandi í síðustu viku væri enginn tilgangur með slíkri kosningu.

Ákvörðun bresku stjórnarinnar er þvert á hvatningu Jacques Chirac Frakklandsforseta og Gerhards Schröder, kanslara Þýskalands, sem hafa hvatt þau ríki sem eiga eftir að staðfesta sáttmálann til að halda sínu striki.

Liam Fox, talsmaður íhaldsmanna í utanríkismálum, kallaði þá félaga „pólitískar risaeðlur" og skoraði á Straw að lýsa því yfir að sáttmálinn væri dautt plagg. ■

## AUSTURRÍKI

**KRUFNINGU BARNANNA LOKIÐ** Krufning á líkum reifabarnanna tveggja sem fundust í frystikistu í Graz í Austurríki í síðustu viku hefur leitt í ljós að þau voru á lífi þegar þau fæddust. Móðir þeirra hefur játað að hafa banað þeim og tveimur systkinum þeirra til viðbótar strax að lokinni fæðingu þeirra. Hún leyndi óléttunni meðan á meðgöngunni stóð og fæddi svo börnin á heimili þeirra.


BJARTIR DAGAR
Í HAFNARFIRÐI
í dag ...

ÞRIÐJUDAGUR 7. júní

20:00 SUMARTÓNAR. Tónleikar Blásarakvintetts Hafnarfjarðar í Hásölum. Flutt verður létt og leikandi tónlist í takt við sumarkomuna, m.a. íslensk sönglög í útsetningu Páls P. Pálssonar og ungverskir dansar. Aðgangeyrir er kr. 1.000 / 500 fyrir nemendur.

20-23 OPIÐ HÚS. „Ég er ögn í líffrænni kviksjá", myndlistargjörningur Örnu Valsdóttur í Hafnarfjarðarleikhúsinu að Strandgötu 50. Verkið er gagnvirk „leik"mynd sem byggð er á samspili ljóss og skugga. Áhorfandinn gengur inn í leikmyndina, getur haft áhrif á hana og leikið sér með eigin skynjanir. Sýningin er framlag Akureyrar, vinabæjar Hafnarfjarðar, til Bjartra daga. Aðgangur er ókeypis.

Bjartir dagar

Ferðamálaráð Íslands

sph

Allar nánari upplýsingar í þjónustuveri Hafnarfjarðar
Strandgötu 6 · Sími 585 5500 · www.hafnarfjordur.is


Hringróður til styrktar Sjálfsbjörgu:

# Umhverfis Ísland á árabát

**BOLUNGARVÍK** Kjartan Jakob Hauksson, kafari, tók á sjómannadaginn upp þráðinn þegar hann lagði á ný upp í hringferð um Ísland. Hann hóf ferðalagið fyrir tveimur árum á róðrarbátnum Rödd hjartans. En þeirri ferð lauk þegar báturinn strandaði við Bolungarvík. Tilgangur hringróðurins er að safna fé til styrktar Hjálparliðasjóði Sjálfsbjargar og nú þegar hafa safnast 225.000 krónur, bæði frá fyrirtækjum og einstaklingum.

Kjartan hóf ferðalagið á ný þegar hann lagði aftur af stað frá Bolungarvík á nýjum árabát, sem hann kallar Frelsi. Búist er við að hringróðurinn taki 6-8 vikur.

Í gærmorgun var Kjartan var kominn í Reykjafjörð á Hornströndum, og hafði þá lagt að baki 57 sjómílur á 31 klukkustund. Hann hafði þá róið um nóttina og ætlaði að hvíla sig í Reykjafirði það sem eftir lifði dagsins.



**LAGT ÚR HÖFN** Kjartan Jakob Hauksson lagði af stað í hringróðurinn frá Bolungarvík í góðu veðri á sjómannadaginn.

Sérstök dagbók um gang ferðarinnar verður uppfærð daglega á www.sjalfsbjorg.is. Hægt er að styrkja ferðalagið um þúsund krónur með því að hringja í síma 908-2003 og á vef Sjálfsbjargar er form þar sem þeir sem vilja geta gefið upphæð að eigin vali. - grs

# Skilyrðislaus íbúðalán Netbankans!

Himinn og haf / SÍA

**Netbankinn býður þér íbúðalán með 4,15% föstum vöxtum án nokkurra skilyrða um önnur bankaviðskipti.**

| | |
|---|---|
| **Íbúðalán 1** | 4,15% fastir vextir og engin skilyrði um önnur viðskipti |
| **Íbúðalán 2** | 2. veðréttur eða aftar, engin skilyrði um viðskipti |
| **Brúarlán** | Til að brúa bilið, engin skilyrði um viðskipti |
| **Íbúðasjóðslán** | 4,15% fastir vextir og engin skilyrði um viðskipti |

Ekki binda þig til 40 ára, sæktu um íbúðalán Netbankans á nb.is eða hringdu í þjónustufulltrúa okkar í síma 550 1800.

**www.nb.is**

nb.is sparisjóður hf.

Netbankinn

*– með betri vexti*

NIKE LAGERSALA!

Full búð af vörum – fyrstir koma fyrstir fá!

**Kven- og karlafatnaður á lagersölu:**

| | |
|---|---|
| :: Úlpur | 4.990.- |
| :: Stuttbuxur | 1.490.- |
| :: Golftoppar | 3.490.- |
| :: Peysur | 2.490.- |
| :: Liðatreyjur | 3.990.- |
| :: Langermabolir | 1.990.- |
| :: Jakkar | 2.990.- |
| :: Gallar | 3.990.- |
| :: Sokkar(hvert par) | 298.- |
| :: Buxur | 2.490.- |
| :: Bolir | 1.490.- |

**Barnafatnaður á lagersölu:**

| | |
|---|---|
| :: Úlpur | 3.490.- |
| :: Jakkar | 2.990.- |
| :: Stuttbuxur | 990.- |
| :: Sokkar(hvert par) | 198.- |
| :: Peysur | 1.490.- |
| :: Húfur | 490.- |
| :: Gallar | 2.490.- |
| :: Buxur | 1.990.- |
| :: Bolir | 990.- |
| :: Liðatreyjur | 2.490.- |

**Smábarnafatnaður á lagersölu:**

| | |
|---|---|
| :: Úlpur | 2.490.- |
| :: Sokkar(hvert par) | 198.- |

**Skór á lagersölu:**

| | |
|---|---|
| :: Allir barnaskór | 1.990.- |
| :: Total 90 fótb.skór | 2.990.- |
| :: Aðrir fótb.skór | 3.990.- |
| :: Gönguskór | 3.990.- |
| :: Retro/götuskór | 3.990.- |
| :: Hlaupaskór | 3.490.- |
| :: Innanhússkór | 3.990.- |
| :: Multicourt innanhússkór | 2.990.- |
| :: Körfub.skór | 2.990.- |

**Aukahlutir á lagersölu:**

| | |
|---|---|
| :: Úlnliðsbönd | 490.- |
| :: Töskur | 1990.- |
| :: Markmannshanskar | 1990.- |
| :: Legghlífar | 990.- |
| :: Höfuðbönd | 398.- |
| :: Vettlingar | 598.- |
| :: Fótboltar | 1290.- |
| :: Markm.hanskar barna | 590.- |
| :: Skóreimar | 198.- |

NIKE BÚÐIN
LAUGAVEGI 6
562 3811



Sjúkrasjóðir stéttarfélaganna:

# Félagsmönnum mismunað

**FÉLAGSMÁL** Framkvæmdastjóri Heyrnar- og talmeinastöðvar Íslands vill láta endurskoða reglugerðir um sjúkrasjóði stéttarfélaganna, þannig að aðstoð þeirra nái til félagsmanna sem horfnir eru af vinnumarkaði sakir aldurs.

Ellilífeyrisþegi, sem verið hafði í Eflingu, sótti um aðstoð úr sjúkrasjóði félagsins til kaupa á heyrnartæki sem kostaði hann um 100 þúsund krónur. Honum var hafnað þar sem hann væri hættur að vinna.

„Auðvitað er það sárt þegar menn eru búnir að borga í þessa sjóði í 30 ár, en hafa svo minna milli handanna, og leita þá eftir aðstoð,“ sagði Guðrún. „Þarna er hópur sem á peninga þarna inni en hefur ekki lengur rétt á að sækja um þá. Breyttar reglugerðir hér gera það að verkum að einstaklingar eru að borga heldur meira í heyrnartækjunum sínum en áður. Miðað við nágrannalöndin, þá eru þeir að borga mun meira.“

Guðrún sagði að kaup á heyrnartækjum væru talsverð fjárfesting fyrir fólk. Langstærstur hluti þeirra sem notuðu þau væri ekki lengur á vinnumarkaði. Um 50 prósent sem kæmu á stöðina væru 75 ára og eldri. - jss



**GUÐRÚN GÍSLADÓTTIR** Kaup á heyrnartækjum eru talsverð fjárfesting fyrir fólk, segir framkvæmdastjóri Heyrnar- og talmeinastöðvar Íslands.

# Eyjabyggðin mun sprengja gatnakerfið

**Sérfræðingar töldu tuttugu þúsund manna byggð á uppfyllingum og á eyjum við miðborg Reykjavíkur óraunhæfar fyrir sex árum. Sjálfstæðisflokkurinn leggur nú fram keimlíkar skipulagshugmyndir og hann mótmælti með bókun í borgarráði fyrir sex árum.**

**HÖFUÐBORGIN** Í sex ára gamalli skýrslu borgarverkfræðings og Borgarskipulags Reykjavíkur er talið óraunhæft að stofna til 20 þúsund manna byggðar á uppfyllingum úti af Örfirisey og á öðrum uppfyllingum í grennd við miðborgina. Í umferðarspá sem Verkfræðistofa Sigurðar Thoroddsen vann fyrir borgaryfirvöld koma fram efasemdir um umferðarálag. „Hugmynd um 20 til 30 þúsund manna byggð með vegtengingu yfir hafnarmynni gömlu hafnarinnar þykir ekki raunhæf.“ Helsta niðurstaða verkfræðistofunnar er að 20 þúsund manna byggð verði ekki reist án þess að til komi miklar breytingar á núverandi gatnakerfi, sem sumar hverjar sé mjög erfitt að framkvæma.

Skýrslan var unnin að tillögu borgarráðsfulltrúa Reykjavíkurlistans í febrúar 1999 þar sem beðið var um athugun á fimm mismunandi hugmyndum um landfyllingar til þéttingar byggðar.

Landfyllingarkostnaður var talinn geta numið allt að 20 prósentum af byggingarkostnaði íbúðar en færi lækkandi með þéttari byggð. Því var talið ljóst að kostnaður við fyllingar yrði verulegur hluti íbúðaverðs og þar af leiðandi yrðu þær mun dýrari en á öðrum svæðum.

Vilhjálmur Þ. Vilhjálmsson og Jóna Gróa Sigurðardóttir, borgarráðsfulltrúar Sjálfstæðisflokksins, létu færa til bókar á fundi borgarráðs 20. júlí árið 1999 að athugun borgarverkfræðings og Borgarskipulags sýndi að tillögurnar væru í flestum tilvikum algerlega óraunhæfar.

Hugmyndir þær sem borgarstjórnarflokkur Sjálfstæðisflokksins lagði fram í nýliðnum mánuði gera ráð fyrir allt að fjórfalt meiri byggð á Örfiriseyjarsvæðinu en talið var raunhæft í umræddri skýrslu.

Í skýrslu VST er talið vel mögulegt að koma fyrir fimm þúsund manna byggð á landfyllingum án verulegra vandamála. Það megi meðal annars gera með breikkun Mýrargötu í fjórar akreinar. Í áðurgreindri bókun borgarráðsfulltrúa Sjálfstæðisflokksins var talið brýnt að kanna áhrif byggðar í grennd við olíuhöfnina í Örfirisey og breikkun Mýrargötu í fjórar akreinar vegna fimm þúsund manna byggðar.

johannh@frettabladid.is




**30 ÞÚSUND MANNA BYGGÐ Á EYJUM OG UPPFYLLINGUM** Borgarverkfræðingur og Borgarskipulag töldu fyrir sex árum að 20 þúsund manna byggð á landfyllingum vestan Elliðaáaósa væri óraunhæf. Borgarráðsmenn Sjálfstæðisflokksins lögðust einnig gegn landfyllingum af þeirri stærð fyrir sex árum.




AUGLÝSINGASÍMI
550 5000
FRÉTTABLAÐIÐ

# Vertu grillkóngur sumarsins



**Vaxtalaus verðsprengja!**
aðeins **5.799*** kr
á mán. í 12 mánuði

**Verð nú 69.588,-**

**Upph. verð 98.999,-**

**FRÍ HEIMSENDING OG SAMSETNING**
á höfuðborgarsvæðinu og Akureyri sama dag ef þú kemur fyrir kl. 15

## Focus

-Eitt vandaðasta grillið á markaðinum í dag!

- Stærð á grilli: 163x1115x65 burstað stál
- Grillflötur: Neðri grind 80x49, efri grind 77x15,5
- Grill grind: Úr massífu pottajárni tvískipt, 50x40 sem er heil plata til steikingar og 50x40 grillgrind með neðriplötu sem hindrar að fita og olíur komist að brennurum.
- Kveikja: Elektrónísk
- Brennari: 4 brennarar úr pottajárni með sérstillingu hver
- Hliðarhella: Úr pottajárni. Lok til að setja yfir þegar hellan er ekki í notkun
- Skápur
- Hliðarborð: Úr járni
- Hjól til að auðvelda tilfærslu á grillinu
- Hitamælir

**KAUPAUKI**
Yfirbreiðsla fylgir hverju keyptu Focus grilli

GRILLPRO
ADVANCING THE ART OF GRILLING

**Mikið úrval af grill aukahlutum**



**TILBOÐ**
**3.999** kr
Verð áður 5.999.-

**Ferðagasgrill** virkar bæði með bútan og própangasi, hitasteinar og þrýstijafnari fylgja með



**TILBOÐ**
**1.899** kr
Verð áður 2.499.-

**Tölvukjötsteikarmælir** fyrir rétta steikingu



**50% afsláttur**

**TILBOÐ**
**1.999** kr
Verð áður 3.999.-

Vandað **grillaukahlutasett** í áltösku

Gildir til 13. júní eða á meðan birgðir endast.
*Stimpil- , seðil- og lántökugjald ekki innifalið.

**HAGKAUP**
*Skemmtilegast að versla*

...bara á
flugfelag.is
8. - 14. júní
Milli Reykjavíkur og
AKUREYRAR
5.199 kr.
Flug aðra leiðina.
Bara á www.flugfelag.is
Takmarkað sætaframboð!
Milli Reykjavíkur og
EGILSSTAÐA
5.899 kr.
Flug aðra leiðina.
Bara á www.flugfelag.is
Takmarkað sætaframboð!
Milli Reykjavíkur og
ÍSAFJARÐAR
5.099 kr.
Flug aðra leiðina.
Bara á www.flugfelag.is
Takmarkað sætaframboð!
Milli Akureyrar og
VOPNAFJARÐAR/
ÞÓRSHAFNAR
4.499 kr.
Flug aðra leiðina.
Bara á www.flugfelag.is
Takmarkað sætaframboð!
Milli Akureyrar og
GRÍMSEYJAR
3.499 kr.
Flug aðra leiðina.
Bara á www.flugfelag.is
Takmarkað sætaframboð!
Börn, 2ja–12 ára, í fylgd með fullorðnum, greiða 1.940 kr. aðra leiðina.
flugfelag.is
ÍSLENSKA AUGLÝSINGASTOFAN EHF./SIA.IS FLU 28634 06/2005

Kosið um skipulag á Seltjarnarnesi:

# Aðeins önnur tillagan kynnt

**STJÓRNMÁL** Utankjörfundaratkvæðagreiðsla er hafin um skipulagsmál á Seltjarnarnesi en áhugahópur um betri byggð á Seltjarnesi stóð fyrir því að leitað væri leiða til að bjóða upp á annan valkost en þann sem bæjarstjórnin hafði samþykkt.

Hópurinn er hins vegar óánægður með að bæjarstjórnin er aðeins búin að greina frá þeirri tillögu sem hún stendur að. „Við skiljum ekki hvernig atkvæðagreiðsla getur hafist um eitthvað tvennt þegar einungis annars kosturinn er þekktur,“ segir Þór Whitehead, félagi í áhugahópnum.

Skipulagsstofnun ríkisins neitaði á sínum tíma að afgreiða tillögu bæjarstjórnar. Í kjölfarið var komið á fót rýnihópi sem átti að starfa að því með skipulagsnefnd bæjarins að setja fram annan valkost og fá heildarsýn yfir skipulagsmál bæjarins þar sem aðalskipulag Seltjarness var útrunnið.

„Báðar tillögurnar sem kosið verður um eru byggðar á vinnu rýnihópsins og hefur hvorug verið sett fram áður. Greint verður frá þeim í þessari viku þegar kynningargögn eru tilbúin,“ segir Jónmundur Guðmarsson, bæjarstjóri á Seltjarnarnesi. **- ifv**



**SKIPULAGSMÁL Á SELTJARNARNESI** Kosningarnar 25. júní snúast aðallega um það hvort færa eigi knattspyrnuvöll frá Suðurströnd að Hrólfsskálamel. Í tillögu þeirri sem bæjarstjórn Seltjarnarness samþykkti á sínum tíma átti að færa völlinn. Áhugahópur um betri byggð á Seltjarnarnesi er á móti því að völlurinn verði færður.

Kuldi og þurrkar miklir í maí samkvæmt Trausta Jónssyni veðurfræðingi:

# Maíveðrið haft slæm áhrif á landbúnað

**LANDBÚNAÐUR** „Það hefur verið viðloðandi norðaustanátt, þurrkar og sólskin. Það var ekki teljandi úrkoma nema við norðausturströnd landsins. Sérstaklega þurrt hefur verið suðvestanlands,“ segir Trausti Jónsson, veðurfræðingur á Veðurstofu Íslands, um veðurfar á Íslandi í maímánuði.

Meðalhiti á landinu var rétt undir meðallagi. Þetta var kaldasti maímánuður í Reykjavík frá 1993 og kaldasti maímánuður á Akureyri frá 1995.

„Vorið fór vel af stað, þetta leit vel út í aprílmánuði. Frost fór snemma úr jörðu og menn horfðu fram á gott sumar. En maímánuður var bæði þurr og kaldur auk þess sem mjög mikið var um næturfrost,“ segir Ólafur Dýrmundsson, landsráðunautur hjá Bændasamtökum Íslands.

Ólafur segir að kornræktendur hafi miklar áhyggjur af því að korn sem sáð var í lok apríl og byrjun maí hafi skemmst vegna veðurfarsins. Spretta er lítil á túnum, sem getur haft áhrif á heyfeng sumarsins, og í úthögum er einnig lítil spretta, sem þýðir að bændur þurfa að gefa sauðfé sjálfir með aukinni vinnu og tilkostnaði. „Eins og staðan er í dag er þetta með kaldari vorum,“ segir Ólafur.



**DR. ÓLAFUR DÝRMUNDSSON** Landsráðunautur hjá Bændasamtökum Íslands segir að veðurfarið í maí hafi aukið tilkostnað og vinnu bænda.



**TRAUSTI JÓNSSON** Veðurfræðingur hjá Veðurstofu Íslands segir meðalhita á landinu í maí hafa verið undir meðallagi og úrkomu litla nema á norðausturströnd landsins. Maí var hins vegar sólríkur mánuður.

Gunnar Sæmundsson, bóndi á bænum Hrútatungu í Hrútafirði, segir svipaða sögu af veðrinu og Ólafur. „Það er ljóst að kornrækt og slætti mun seinka. Ég hef ekki trú á því að það verði neinn sláttur hér á svæðinu fyrr en fyrstu vikuna í júlí. Það þarf að fara að hlýna í veðri. Við eigum samt ekki að mála skrattann á vegginn strax,“ segir Gunnar.

„Bæði frostið og þurrkarnir seinka öllu hjá okkur. Menn hafa ekki plantað út, því það er ekki gæfulegt að planta þegar það eru frostanætur. Veðurfarið kemur niður á allri útiræktun á grænmeti. Sólskinið í maí hefur hins vegar verið jákvætt fyrir ylrækt, ræktun á inniræktuðu grænmeti,“ segir Guðjón Birgisson, grænmetisframleiðandi og eigandi Íslensks grænmetis ehf. á Flúðum.

**ingi@frettabladid.is**

Kryddleggnir bitar frá Holtakjúklingi

Læri í hvítlaukskryddlegi

Leggir í texaskryddlegi

Vængir í mexikókryddlegi

Holta-kjúklingur
Reykjagarður hf
Þrjár tegundir af kryddleggnum bitum frá Holtakjúklingi.

Þjóðhátíðardagur Svía:

# Í fyrsta skipti rauður dagur

**SVÍÞJÓÐ** Svíar héldu þjóðhátíðardag sinn hátíðlegan í gær, 6. júní. Það bar til tíðinda að dagurinn var í fyrsta skipti „rauður dagur“ í sænskum dagatölum, sem sagt almennur frídagur.

Konungsbörnin Viktoría, Karl Filippus og Magdalena settu hátíðina formlega við athöfn við sænsku konungshöllina í gærmorgun. Dagurinn var svo haldinn hátíðlegur um land allt og fóru hátíðahöld nær undantekningalaust vel fram fyrir utan það að öfgahópar nýttu tækifærið til áróðurs á götum Stokkhólms. Til einhverra ryskinga kom á milli vinstri- og hægri öfgahópa. ■

Kjartan Magnússon borgarfulltrúi:

# Ferjusiglingar frá Reykjavík

**SAMGÖNGUR** Hafnarstjórn Faxaflóahafna hefur falið hafnarstjóra að kanna kosti þess að „Reykjavíkurhöfn verði að nýju ákjósanlegur viðkomustaður fyrir reglubundnar farþegasiglingar milli landa“ og hafnaryfirvöldum falið að kanna með hvaða hætti væri hægt að taka á móti bílferjum. Tillaga þessa efnis frá Kjartani Magnússyni, borgarfulltrúa Sjálfstæðisflokksins í Reykjavík, var samþykkt á fundi hafnarstjórnar í apríl.

Kjartan, sem sæti á í hafnarstjórn, segist lengi hafa haft áhuga á möguleikum farþegaflutinga sjóleiðis þó svo að borgin færi ekki út í annað en að skapa aðstöðu fyrir þá sem áhuga kynnu að hafa. Hann segir búið að skoða marga kosti sem mögulega ferjuhöfn, en helst komi til greina Grundartangahöfn eða Skarfabakki í Sundahöfn. „Eftir árið 2006 skapast góðir möguleikar til að gera þetta,“ sagði hann og sagði stefnt að samnýtingu ferjuhafnar og lægis fyrir skemmtiferðaskip. „Þetta er samt allt á athugunarstigi ennþá,“ sagði hann og taldi næsta skref vera að kynna Reykjavíkurhöfn erlendis sem áfangastað. „Ferjur verða sífellt hraðskreiðari og jafnvel hægt að komast frá Íslandi til meginlands Evrópu á rúmum tveimur sólarhringum.“

-óká



**KJARTAN MAGNÚSSON** Kjartan, sem er borgarfulltrúi Sjálfstæðisflokks, segist hafa fengið óformlega fyrirspurn um möguleikann á millilandaferjuhöfn í Reykjavík, en enn sem komið er hafi enginn spurst formlega fyrir um málið hjá hafnarstjórn.

Gistinætur á hótelum:

# Íslendingum fjölgar

**FERÐAMANNAÞJÓNUSTA** Íslenskum hótelgestum fjölgaði stórlega í öllum landshlutum í aprílmánuði síðastliðnum miðað við sama mánuð í fyrra. Fjöldi gistinótta útlendinga stendur hins vegar í stað. Þetta kemur fram í úttekt Hagstofunnar.

Hótel á Austurlandi bættu við sig flestum gistinóttum, rúmlega þriðjungi.

Alls voru gistinæturnar á landinu 77.590 í apríl á þessu ári, rúmlega sex þúsund fleiri en í sama mánuði í fyrra.

Hagstofan rekur ástæðuna fyrir tíðari hótelgistingum Íslendinga til þess að þeir séu farnir að nýta sér hótel í auknum mæli í styttri ferðum og á árshátíðum.

- jse



**MEGN ÓÞEFUR** Vegfarendum um rómverska markaðstorgið í miðborg Aþenu var ekki skemmt í gær.

Sorphirða stöðvuð:

# Allt í rusli í Aþenuborg

**GRIKKLAND** Illdeilur um urðunarstað hafa orðið til þess að sorpi hefur ekki verið safnað í Aþenu, höfuðborg Grikklands, í heila viku. Lyktin af sorpinu er stæk enda hefur það rotnað hratt í sumarhitunum.

Kveikja deilunnar er áform ríkisstjórnarinnar um að sturta hálfunnu skolpi ofan í skurði á sorpurðunarstað í einu úthverfa borgarinnar. Því vildi hverfisstjórnin hins vegar ekki una og lokaði staðnum.

Heilbrigðisyfirvöld óttast að sjúkdómar geti breiðst út af völdum sóðaskaparins sem ruslinu fylgir.

- shg

## LEIÐRÉTTING

Í frásögn Fréttablaðsins á sunnudag um útgáfu á bókinni Mynd á þili var missagt að samnefnd sýning stæði yfir í Þjóðmenningarhúsinu við Hverfisgötu. Hið rétta er að sýningin er í Þjóðminjasafni Íslands við Suðurgötu.





**Þér er hér með boðið á mikilvæga alþjóðlega ráðstefnu Microsoft og samstarfsaðila.**

**Staðsetning: Nordica Hótel í Reykjavík, miðvikudaginn 15. júní.**

**Fyrirlesarar**
Gert Drapers, Rick Heiges, Carl Rabeler og Richard Hundhausen.

**Ekkert þátttökugjald**
Ekki þarf að greiða þátttökugjald að ráðstefnunni, sem stendur allan daginn.

**Takmarkað sætaframboð**
Vegna takmarkaðs sætaframboðs er nauðsynlegt að skrá sig strax til að missa ekki af einstöku tækifæri.

**Skráðu þig strax á www.microsoft.is**

**ADMINISTRATION SESSION**

Installation and Upgrade: What will it take to Migrate to SQL Server 2005?

How will the engine Enhancements/Changes in SQL Server 2005 impact you?

Building highly available systems with SQL Server 2005 Using Database Mirroring, Database Snapshots, Replication and Failover Clustering: A Practical Guide.

**DEVELOPMENT SESSION**

Programming in SQL Server 2005 Using the Hosted .NET Runtime.

Introducing the SQL Server 2005 Service Broker.

Introducing the XML Data Type og XQuery.

**BUSINESS INTELLIGENCE**

Creating an ETL Application with Microsoft SQL Server 2005 Integration Services.

Building Business Intelligence and Data Mining Applications with Microsoft SQL Server 2005.

Delivering Information with SQL Server 2005 Reporting Services.

GCI ALMANNATENGSL - GREY COMMUNICATIONS INTERNATIONAL

MIRACLE · TM Software · OPIN KERFI · iSoft Learning Solutions · Microsoft®



**13. - 14. júní || SQL Server 2005 Developer Features með Gert Drapers.**
Tveggja daga námskeið með einum af hönnuðum SQL Server 2005.
**Skráið ykkur strax á http://registration.miracle.is**

MIRACLE

360 gráður

FBL - GREINING: FJÖLÓNÆMA BAKTERÍAN, MÓSA:

# Hefur náð fótfestu um nær allan heim

Klasakokkar eru algengar spítalabakteríur og eru meðal algengustu sýkingarvalda í mönnum. Sýkingar af völdum bakteríunnar geta verið mjög misalvarlegar, allt frá einföldum húðsýkingum, upp í lífshættulegar blóðsýkingar. Þrátt fyrir þetta er algengt að fólk beri hana á húð eða í nefi án nokkurra einkenna. Þaðan getur hún borist í sár eða í viðkvæma einstaklinga og valdið lífshættulegum sýkingum. Hún berst oftast milli manna með snertingu og er handþvottur þýðingarmesta aðgerðin til þess að hindra dreifingu bakteríunnar. Við sérstakar aðstæður getur einnig verið um loftborna dreifingu að ræða.

Klasakokkastofnum sem eru ónæmir fyrir mörgum sýklalyfjum hefur fjölgað mjög og þeir náð fótfestu um nær allan heim. Þessir stofnar draga nafn sitt af ónæminu, það er meticillín ónæmur Staphylococcus aureus: MÓSA. Oft eru mjög fá sýklalyf að velja við meðhöndlun þessara sýkinga.

Ísland er eitt fárra landa heims þar sem MÓSA-bakterían hefur ekki náð fótfestu og er til mikils að vinna að svo verði áfram. Þróunin hér hefur hins vegar verið til verri vegar, því tilfelli í ár eru þegar orðin helmingi fleiri heldur en þau voru á öllu árinu í fyrra.

Nú er sérfræðingahópur á Norðurlöndunum, sem unnið hefur að könnun á vanda er stafar af fjölónæmum bakteríum, orðinn uggandi um mikla fjölgun nýrra tilfella. Eftir árið 2004 stóð Finnland langverst í þessum efnum með 1468 ný tilfelli, Næst kom Svíþjóð með 712, Þá Danmörk með 577, Noregur með 221 og loks Ísland með 8.

Sérfræðingahópurinn hefur sent niðurstöður sínar til heilbrigðisyfirvalda á öllum Norðurlöndunum. Sérfræðingarnir vilja að meiri fjármunum verði varið til varnar þessum bakteríum, í stað þess að láta fjölgunina halda áfram, eins og gerst hefur í Evrópulöndum. Í Bretlandi er tíðni MÓSA-tilfella til dæmis mjög há, og kostar samfélagið gríðarlega fjármuni í aukinni hjúkrun, fleiri legudögum á spítölum og öðru sem fjölónæmum bakteríum fylgir.

*Stuðst við vefsíðu LSH.*




**SÝKINGAR** Loka varð hluta hjartadeildar Landspítalans ekki alls fyrir löngu vegna MÓSA.

## SPURT & SVARAÐ

SKIPULAGSMÁL REYKJAVÍKURBORGAR:



ÓLAFUR F. MAGNÚSSON

### *Ósáttur við íhaldið*

Ólafur F. Magnússon, borgarfulltrúi F-lista í Reykjavík, telur það mikilvægt að sameina sveitarfélögin sjö á höfuðborgarsvæðinu. Hann gefur lítið fyrir tillögur sjálfstæðismanna um byggð í eyjunum í Kollafirði.

**Í hverju felast tillögur F-listans um betri byggð í Reykjavík?**

Að íbúðarhverfi, atvinnusvæði og umferðarmannvirki taki mið af öllu höfuðborgarsvæðinu þannig að fjármunir og landgæði séu nýtt með sem hagkvæmustum og skynsamlegustum hætti í þágu allra íbúa höfuðborgarsvæðisins.

**Hvað finnst þér um tillögur sjálfstæðismanna?**

Tillögur sjálfstæðismanna gera ráð fyrir því að áfram verði sjö sveitarfélög á höfuðborgarsvæðinu og þar með landþrengsli sem ekki væru fyrir hendi ef raunveruleg framtíðarsýn og heildarhagsmunir réðu ferðinni með sameiningu sveitarfélaganna.

# Mansal teygir sig til Íslands

**Angar alþjóðlegrar glæpastarfsemi eru farnir að tengjast mansalsmálum sem upp koma hérlendis í auknum mæli. Alvarlegt er ef Ísland fer að verða eftirsóknarverður stökkpallur brotamanna sem í þessum geira starfa.**



**FRÉTTASKÝRING**
MANSAL – ÞRÆLAHALD NÚTÍMANS

**MAGNÚS HALLDÓRSSON**
BLAÐAMAÐUR

Á undanförnum árum hefur mansal og glæpir því tengdu skapað sér rúm í íslensku samfélagi. Alþjóðlegir glæpahringir sem skipuleggja flutninga á fólki, aðallega frá fátækustu héruðum Asíu og Austur-Evrópu, hafa verið staðnir að verki hér á landi, þar sem þeir millilenda á leið sinni með fórnarlömbin í nauðungarvinnu sem bíður þeirra víðast hvar. Nýlega var maður frá Singapúr dæmdur í sex mánaða fangelsi fyrir að taka þátt í þess háttar smygli.

**Fórnarlömbin flest ungar konur**

Umsvif mansals hefur aukist mikið á síðustu tíu árum, og er nú svo komið að aðeins vopnasala er gróðavænlegri innan glæpaiðnaðarins. Enginn þáttur skipulagðrar glæpastarfsemi hefur þó ómanneskjulegri hvatir að baki en mansalið, þar sem fólk gengur kaupum og sölum milli landa og jafnvel heimsálfa eins um hluti sé að ræða. Vændi er útbreiddasta atvinnugrein þeirra sem eru seldir mansali og eru fátækar, ungar stúlkar algengustu fórnarlömbin.

Jóhanna K. Eyjólfsdóttir, framkvæmdastjóri Íslandsdeildar Amnesty International, segir alþjóðlegt starf gegn mansali orðið mikið innan mannréttindasamtaka. „Það hefur verið mikið rætt um vandann sem tengist mansali undanfarin ár. Við leggjum áherslu á velferð fórnarlambanna í þessum málum og teljum mikilvægt að þau hljóti réttmæta málsmeðferð“.

**Mansalið teygir sig til Íslands**

Landfræðileg staða Íslands kemur betur í veg fyrir að jafnalvarlegt ástand og í Evrópu skapist. Hér er tiltölulega auðvelt að hafa eftirlit með ferðum til og frá landinu og því er vandinn sem hér kemur upp á yfirborðið svolítið annars eðlis en víða annars staðar.

Jóhann R. Benediktsson, sýslumaður á Keflavíkurflugvelli, segir mansalið vera erfitt viðureignar og Ísland sé í flestum tilfellum ekki endastöð þeirra sem að fólksflutningunum standa. „Ísland er yfirleitt stökkpallur til annarra landa. Glæpamennirnir reyna að búa til leiðir sem eru líklegar til þess að heppnast. Ísland er ekki ofarlega á lista í áhættugreiningu flugs og því álykta glæpamennirnir sem svo að flug frá Íslandi á hugsanlega endastöð sé vænlegur kostur.“

Guðrún Jónsdóttir, upplýsingafulltrúi Stígamóta, segir flutning ungra stúlkna til þess að vinna á nektarstöðum hér á landi vera á mörkum þess að vera brot. „Þótt ástandið hafi batnað mikið við það að einkadansinn hafi verið bannaður í Reykjavík og á Akureyri, og



**KÍNVERSK FÓRNARLÖMB MANSALS** Hrikaleg eymd bíður oftar en ekki þeirra sem verða fyrir mansalsbrotum. Það vekur óhug að glæpamenn sem að þessu starfa skuli horfa á Ísland sem eftirsóknarverðan stökkpall fyrir starfsemi af þessu tagi.

BLÓÐ BJARGAR
ÞAÐ ÞARF 70 BLÓÐGJAFIR Á DAG. GEFUM BLÓÐ REGLULEGA.
ERTU MEÐ ÞETTA Í BLÓÐINU?
og vodafone Heyrumst!
BLÓÐBANKINN
ÍSLENSKA AUGLÝSINGASTOFAN/SIA.IS OGV 28426 06/2005



**GENGIÐ HJÁ KOSNINGAVEGGPJALDI** Írönsk kona gengur fram hjá kosningaveggspjaldi frá forsetaframbjóðandanum Mohammad Baqer Qaliba, fyrrum löglustjóra í Teheran. Gengið verður til kosninga þann 17. júní.

stöðum þannig fækkað, þá er undarlegt að hingað skuli streyma stúlkur alls staðar að úr heiminum til þess að starfa í þessum geira, án þess að það sé skoðað til hlítar. Við höfum bent á það að í löndum í kringum okkur eru þessi mál í ólestri og í sífelldri rannsókn, og hvers vegna ætti ekki að vera sama staða upp á teningnum hér á landi?“

**Smygl ekki það sama og mansal**

Eðlismunur er á mansali og smygli á fólki á milli landa. Jóhann segir mikilvægt gera sér grein fyrir muninum, því mansal sé mun harkalegra og skipulagðara brot. „Í smyglinu er borgað fyrir aðstoð með eingreiðslu, þar sem smyglarinn sjálfur er vitanlega sá sem græðir mest. Samskiptum þess sem smyglað er og aðstandanda smyglsins lýkur yfirleitt þegar á áfangastað er komið.

Í mansalsmálunum er greiðslan greidd á lengri tíma og upphæðin mun hærri. Fjárhæðin er yfirleitt greidd á áfangastað, og innheimt með ýmiss konar nauðungarvinnu, til dæmis vændi. Stærstur hluti launa fórnarlambsins í þessum málum rennur til smyglarans og það gerir sér ekki grein fyrir örlögum sínum fyrr en á áfangastað er komið. Smyglarinn gerir svo fórnarlambið háð stöðu sinni með því að halda því ólöglegu í landinu og þannig er því gert nánast ókleift að leita sér hjálpar. Þetta er því alveg hrikalegur glæpur.“

**Dómar séu í samhengi við alvarleika**

Jóhann segir jafnframt að dómarnir, sem féllu í brotum tengdu mansali í upphafi, hefðu mátt vera harðari. „Fordæmið sem þeir dómar gáfu var að mínu mati of vægt. Það hefði verið heppilegra að veita harðari dóm fyrir þessi brot í upphafi, því þeir dómar sem á eftir koma taka mið af þeim.“

Það eina sem íslensk stjórnvöld geta gert til þess að lágmarka mansalsbrot hér á landi er því að taka á málunum sem upp koma af festu. Það er ekki eftirsóknarvert fyrir Íslendinga að taka þessi mál vettlingatökum, því þannig getur Ísland orðið griðland þeirra sem glæpina skipuleggja og þá verður mansalið að enn meiri og dýpri vanda hér á landi. ■


# Berjumst
## til síðasta mola




## Ísland – Malta 8. júní

KSÍ Esso

**Tryggðu þér miða í forsölu á ESSO stöðvunum í dag!**

Nú er komið að Möltu og strákarnir þurfa þinn stuðning þann 8. júní. Leikurinn fer fram á Laugardalsvelli kl. 18:05 og við hvetjum alla til þess að mæta. **Áfram Ísland!**

**Miði á Ísland – Malta 8. júní**

| | Forsala hjá ESSO 7. júní | Sala á leikdag 8. júní |
|---|---|---|
| Sæti í nýju stúkunni | 1.000 kr. | 1.200 kr. |

| | Forsala hjá ESSO 7. júní | Sala á leikdag 8. júní |
|---|---|---|
| Sæti í gömlu stúkunni | 2.000 kr. | 2.500 kr. |

**50% afsláttur fyrir 16 ára og yngri**

Fíton/SÍA




IsMedia Tilnefnd til Grímunnar Íslensku Leiklistarverðlaunanna sem barnasýning ársins SPARISJÓÐURINN

www.ismedia.is www.midi.is www.avaxtakarfan.is

# skoðun

SJÓNARMIÐ
KÁRI JÓNASSON

Hafrannsóknastofnun leggur til að þorskkvótinn verði innan við 200 þúsund lestir.

## Hvað er að?

Þegar Hafrannsóknastofnun leggur til að á næsta fiskveiðiári verði veiddar innan við 200 þúsund lestir af þorski hljóta menn að staldra við og spyrja hvað sé að? Er fiskveiðistjórnun hér við land búin að vera á villigötum í 30 ár og þá hversvegna? Menn kipptust við þegar „svörtu skýrslurnar“ voru birtar snemma á áttunda áratugnum og þær urðu grundvöllur mikillar umræðu um auðlindir okkar í hafinu umhverfis Ísland. Þetta var á sama tíma og við vorum í fararbroddi í heiminum hvað varðaði útfærslu fiskveiðilögsögunnar og háðum þorskastríð við bandamenn okkar. Þeim lauk með sigri okkar og mikilli ásókn var létt af fiskimiðunum, en þrátt fyrir það stöndum við í svipuðum sporum og áður með þorskstofninn. Það er því eitthvað að. Við höfum sett upp fiskveiðistjórnunarkerfi sem margar þjóðir hafa kynnt sér og þeim hefur þótt eftirtektarvert. Fiskifræðingar okkar hafa lagt sig fram um að meta aðstæður í sjónum og flestir hafa trúað á ráðgjöf þeirra. Það verður hins vegar að draga fram í dagsljósið að ekki hefur alltaf verið farið að ráðum þeirra í einu og öllu, og kannski erum við að súpa seyðið af því.

*Sjávarafurðir verða samt enn mikilvægasta útflutningsgrein okkar og við, Íslendingar, eigum að hafa alla burði til þess að vera í fararbroddi í fiskveiðum. Fiskirannsóknir okkar eiga því að vera þannig að ekki sé alltaf verið að vanmeta þetta og hitt og þess vegna séu hlutirnir svona.*

Hafrannsóknastofnun hefur á síðari árum komið hreinskilnislega fram, þegar komið hefur í ljós að ákveðnir þættir hafa verið vanmetnir, en það er ekki nóg. Við hljótum að gera þá kröfu til þeirra að þeir nái að draga réttar ályktanir af ástandinu í sjónum eftir öll þessi ár og allar þessar rannsóknir. Hvers vegna er þorskstofninn í mun verra ásigkomulagi en ýsustofninn, svo dæmi sé tekið. Hvers vegna hefur nýliðun í þorskstofninum verið léleg í mörg ár í röð? Eru það umhverfisþættir sem valda því, stórvirk veiðarfæri togaranna, eða hvað? Er ekki hægt að fá ákveðin svör við slíkum lykilspurningum?

Forystumenn útvegsmanna hafa löngum verið í hópi dyggustu stuðningsmanna Hafrannsóknastofnunar. Þeir líta gjarnan á heildardæmið, og sætta sig við smávegis samdrátt í veiðum á einni tegund, ef hægt er að auka veiðar á annarri. Þannig vegur aukinn ýsukvóti nú upp á móti samdrætti í þorskveiðum. Þorskurinn er samt sú fisktegund sem hefur verið okkur mikilvægust í gegnum árin, og því hljóta sjónir manna nú að beinast að þorskinum eins og síðustu 30 ár. Enn og aftur er því spurt: „Hvað er að?“

Á næstu árum minnkar hlutfall sjávarútvegs í útflutningi okkar Íslendinga vegna aukins álútflutnings. Sjávarafurðir verða samt enn mikilvægasta útflutningsgrein okkar og við, Íslendingar, eigum að hafa alla burði til þess að vera í fararbroddi í fiskveiðum. Fiskirannsóknir okkar eiga því að vera þannig að ekki sé alltaf verið að vanmeta þetta og hitt og þess vegna séu hlutirnir svona. ■

## FRÁ DEGI TIL DAGS

### Brosandi og hægrisinnaður

Enn örlar á skærum vegna brotthvarfs Gunnars Örlygssonar úr Frjálslynda flokknum yfir í Sjálfstæðisflokkinn. Þetta má meðal annars ráða af lestri bréfs sem aðeins er farið að gulna. Þar segir Gunnar Örn við Guðjón A. Kristjánsson, þáverandi foringja sinn, að hann telji Frjálslynda flokkinn ekki vera á réttri siglingu í sjávarútvegsmálum og hafi hneigð til að stinga erindum niður í skúffu. Fjölmiðlar telji Frjálslynda flokkinn óþarfan og sýni honum tómlæti. Greinarskrif séu neikvæð og ræður frjálslyndra yfirleitt skammarræður sem nái í besta falli til óánægðra sjómanna...



Gunnar telur að flokkurinn þurfi að markaðsvæðast, einbeita sér að eigin málum fremur en að eltast við vinstri flokkana. Flokkurinn verði að vera jákvæðari, brosandi og uppbyggilegri. Já, hægri sinnað afl og raunverulegur valkostur við Sjálfstæðisflokkinn en ekki með einhvern Alþýðubandalags- eða verkalýðsfélagsstimpil á sér. Ekki gangi að elta skottið á Össuri og Steingrími alla tíð.

Gunnar gefur hér sterklega til kynna að hann eigi ekki samleið með Frjálslynda flokknum. Það er að segja ef ekki komi til grundvallarstefnubreytingar. Hann var sem sagt búinn að vera hundóánægður lengi þegar hann yfirgaf Frjálslynda flokkinn og bankaði upp á hjá Sjálfstæðisflokknum því bréfið er áreiðanlega síðan í fyrra.

### Þorskur eða ýsa

Nú er eftir að sjá hvort erindum Gunnars verður einnig stungið ofan í skúffur Sjálfstæðisflokksins. Hann hefur ástæðu til að gleðjast yfir ræðu flokksbróður síns, Árna Mathiesen sjávarútvegsráðherra, á sjómannadaginn. Árni spurði nefnilega gagnrýninna spurninga um afkomu þorsksins og ýsunnar, en fiskveiðiráðgjöf er eitt helsta áhugamál Gunnars. Af hverju braggast ekki þorskurinn eins og ýsan sem er nú um allan sjó? „Hvernig stendur á því að hrygningarstofn ýsu slagar í stærð hrygningarstofns þorsksins,“ spurði Árni og hét því að leita svara og ræða málin opinskátt og af yfirvegun. Rétt eins og hann beindi orðum sínum sérstaklega til nýja liðsmannsins úr röðum frjálslyndra.

johannh@frettabladid.is

## Vandræðalegar áætlanir

**Í DAG**
UM SETU Í ÖRYGGISRÁÐINU OG FLEIRA.



VALGERÐUR BJARNADÓTTIR

Svo sannarlega vona ég að menn fari að taka á sig rögg og kveða upp úr með að hætt hafi verið við þá hugmynd framsækinna starfsmanna utanríkisþjónustunnar að Ísland sækist eftir sæti í öryggisráði Sameinuðu þjóðanna. Um helgina var viðtal í sjónvarpinu við þingflokksformann annars stjórnarflokkanna um hverjar yrðu áherslur okkar í öryggisráðinu ef þessar hugmyndir eða draumar yrðu að veruleika. Hann talaði um fátækar þjóðir og hvernig við ættum að leggja áherslu á að þeim yrði hjálpað og eitthvað þar fram eftir götunum. Þetta sagði maðurinn kinnroðalaust, engu að síður hlýtur honum að vera fullkunnugt um að við höfum aldrei borgað þær upphæðir í þróunarhjálp sem við á alþjóðavettvangi höfum þó sagst ætla að borga.

Þeim mun meira sem talað er um þessar öryggisráðssetu áætlanir þeim mun vandræðalegri verða þær. Það er ekki bara herkostnaðurinn við að ná kjöri sem manni vex í augum. Manni vex það líka mjög alvarlega í augum að auðnist þjóðinni ekki að hafa skipt um valdhafa þegar að þessari setu kæmi þá væru Bandaríkin komin með tvö atkvæði í öryggisráðinu, sem augljóslega er algjör óþarfi. Ég hef stundum velt því fyrir mér hvernig á því stendur að enginn nema Einar Oddur hefur kröftuglega mótmælt þessum áætlunum. Kannski er þetta einhvers konar „nýju fötin keisarans syndrom“. En ég sem sagt svona prívat og persónulega vona að menn fari nú að ýta þessari vitlausu hugmynd út af borðinu, þá þarf maður ekki að hlusta á fleiri vandræðaleg fréttaviðtöl um þetta efni.

Utanríkismál eru annars ekki mikið rædd hér á landi. Það kann að vera arfleifð frá kalda stríðinu þegar allt var svo mikið leyndarmál að ekkert mátti segja upphátt. Menn skiptust í mjög ákveðnar fylkingar, voru annaðhvort með Nató eða á móti. Ég var í fyrri hópnum. Nú er við og við minnst á utanríkismál og þá helst um hvort við eigum að ganga í Evrópusambandið eða ekki. Fréttaflutningurinn af því samstarfi er þannig að menn virðast sakna gamalla daga og reyna eftir megni að skipa mönnum í fylkingar. Með og á móti Evrópusambandinu. Ég get vel skilið að sumir og jafnvel margir vilja ekki að Islendingar gangi í Evrópusambandið, ég hef hins vegar aldrei skilið þá sem segjast vera á móti Evrópusambandinu. Þess vegna skil ég stundum ekki fréttaflutninginn af Evrópusambandinu og Evrópusamstarfinu. Mér heyrðist helst hlakka í sumum fréttamönnum íslenskum við úrslit atkvæðagreiðslna í Frakklandi og Hollandi um hina svokölluðu stjórnarskrá, vegna þess að þetta væri kannski upphafið af endinum á Evrópusamstarfinu, sagði einhver. Maður hreinlega hrekkur í kút og spyr sig hvort þetta fólk sé í lagi. Það er ekki endirinn á íslensku þjóðfélagi að hér eru vitlausir stjórnmálamenn, og það er heldur ekki endirinn á Evrópusamstarfinu að stjórnmálamennirnir þar eru sums staðar ekki í tengslum við fólkið.

*Stundum hvarflar það hins vegar að manni að menn verði minna klókir þegar þeir hafa völdin sérstaklega ef þeir hafa haft þau lengi. Þá bara öslast þeir áfram, segja ég ræð og gleyma lýðræðinu.*

Það er fídusinn við lýðræðið hvort heldur er á Íslandi eða í Evrópu að kjósendur geta sett stjórnmálamönnum stólinn fyrir dyrnar. Í beinum atkvæðagreiðslum eins og þeim sem eru nýafstaðnar í Frakklandi og Hollandi eru skilaboðin til stjórnmálamannanna alveg skýr, kjósendur hafna hugmyndunum sem koma fram í því mikla plaggi sem lá til grundvallar. Þess vegna þarf að breyta því plaggi, hugsa aftur þær tillögur sem þar eru settar fram. Ef stjórnmálamennirnir reyna að finna aðrar ástæður fyrir útkomunni þá þurfa þeir að velta því fyrir sér hvort þeim sjálfum og stjórn þeirra heima fyrir hafi verið hafnað. Þekki maður mannskepnuna rétt þá velja þeir fyrri kostinn og hefjast handa við að losa sig út úr stjórnarskrárkísunni. Ef þeir eru klókir þá reyna þeir einnig að bæta sig á öðrum sviðum. Stundum hvarflar það hins vegar að manni að menn verði minna klókir þegar þeir hafa völdin sérstaklega ef þeir hafa haft þau lengi. Þá bara öslast þeir áfram, segja ég ræð og gleyma lýðræðinu.

Nú er um það bil ár síðan þjóðin og ríkisstjórnin urðu ósammála hér á Fróni. Sumir vildu kalla það stjórnarskrárkrísu, það var nú bara bull. Krísan var sú að ríkisstjórnin vildi ekki fara eftir því sem stendur í stjórnarskránni og skipuðu svo nefnd til að breyta stjórnarskránni. Sú nefnd sýnir merki þess að hún ætli að hlusta á fleiri en alþingismenn, það er ánægjulegt. Batnandi mönnum er best að lifa, líka ráðamönnum.

HÚSIÐ FASTEIGNASALA
533 4300
Salómon Jónsson lögg. fasteignasali

SMÁRINN FASTEIGNASALA
564 6655
Vilhjálmur Bjarnason lögg. fasteignasali

Sóleyjarhlíð, Hafnarfirði







Falleg og björt 78,9 fm 3ja herbergja íbúð á 2. hæð í snyrtilegu fjölbýli með góðu útsýni. Laus fljótlega.

Upplýsingar gefur Kristinn hjá Húsinu í síma 533-4300




FRÉTTABLAÐIÐ

ÚTGÁFUFÉLAG: 365 – prentmiðlar RITSTJÓRI: Kári Jónasson FRÉTTARITSTJÓRAR: Sigurjón M. Egilsson og Sigmundur Ernir Rúnarsson AÐSTOÐARRITSTJÓRI: Jón Kaldal FULLTRÚI RITSTJÓRA: Guðmundur Magnússon RITSTJÓRNARFULLTRÚI: Steinunn Stefánsdóttir AUGLÝSINGASTJÓRI: Þórmundur Bergsson RITSTJÓRN OG AUGLÝSINGAR: Skaftahlíð 24, 105 Reykjavík **AÐALSÍMI: 550 5000** SÍMBRÉF Á FRÉTTADEILD: 550 5006 NETFÖNG: **ritstjorn@frettabladid.is** og **auglysingar@frettabladid.is** VEFFANG: **visir.is** UMBROT: 365 – prentmiðlar PRENTVINNSLA: Ísafoldarprentsmiðja ehf. DREIFING: Pósthúsið ehf. **dreifing@posthusid.is** Fréttablaðinu er dreift ókeypis á heimili á höfuðborgarsvæðinu, Suðurnesjum og Akureyri. Einnig er hægt að fá blaðið í völdum verslunum á landsbyggðinni. Fréttablaðið áskilur sér rétt til að birta allt efni blaðsins í stafrænu formi og í gagnabönkum án endurgjalds. ISSN 1670-3871

# Braut Samkeppnisstofnun á Umferðarstofu?

**UMRÆÐAN**
SAMKEPPNISRÁÐ OG AUGLÝSINGAR UMFERÐARSTOFU



MAGNÚS GUÐMUNDSSON

Nú hefur samkeppnisráð komist að niðurstöðu í athugun ráðsins á réttmæti úrskurðar auglýsinganefndar Samkeppnisstofnunar frá 8. febrúar sl. þar sem sett var bann á birtingu þriggja auglýsinga Umferðarstofu.

Það er ekki ætlun mín að fjalla um réttmæti niðurstöðunnar sjálfrar, hvort ég sé sammála henni eða ekki. Hinsvegar sé ég mig knúinn til að fjalla um málsmeðferð Samkeppnisstofnunar sem ég leyfi mér að gera alvarlegar athugasemdir við.

Það leið aðeins vika frá því að kvörtun barst frá Umboðsmanni barna þar til að auglýsinganefndin úrskurðaði bann við birtingu auglýsinganna. Í kjölfarið áfrýjaði Umferðarstofa úrskurði auglýsinganefndarinnar til samkeppnisráðs. Það tók ráðið hinsvegar u.þ.b. þrjá og hálfan mánuð að komast að niðurstöðu í málinu – niðurstöðu sem hefði allt eins getað verið sú að auglýsinganefndin hefði haft rangt fyrir sér og þar með valdið Umferðarstofu ómældu tjóni sem ekki væri afturkræft.

**Augljóst vanhæfi nefndarmanns**

Það er eitt atriði sem nánast útilokar að samkeppnisráð geti komist að annarri niðurstöðu en auglýsinganefndin. Atli Freyr Guðmundsson, skrifstofustjóri í viðskiptaráðuneytinu, á sæti bæði í auglýsinganefndinni og samkeppnisráði sem úrskurðinum var áfrýjað til. Auglýsinganefndin er ráðgjafanefnd samkeppnisráðs og því líta samkeppnisyfirvöld svo á að þau starfi á sama stjórnsýslustigi og þ.a.l. hafi stofnunin ekki brotið stjórnsýslulög nr. 37/1993 samanber 3. gr. 4. töluliður en þar segir:

„Starfsmaður eða nefndarmaður er vanhæfur til meðferðar máls:

4. Á kærustigi hafi hann áður tekið þátt í meðferð málsins á lægra stjórnsýslustigi. Það sama á við um starfsmann sem fer með umsjónar- eða eftirlitsvald hafi hann áður haft afskipti af málinu hjá þeirri stofnun sem eftirlitið lýtur að.“

Þrátt fyrir þessa túlkun Samkeppnisstofnunar er það hverjum heilvita manni ljóst að málsmeðferðin er líkust því að lögreglumaður sem tæki að sér rannsókn tiltekins máls myndi á síðari stigum málsmeðferðar taka þátt í því að dæma málið. Slíkt getur ekki með nokkru móti talist eðlilegt.

Í þessu máli er ljóst að brotið hefur verið á rétti Umferðarstofu til hlutlausrar málsmeðferðar hjá samkeppnisyfirvöldum. Atli Freyr Guðmundsson var vanhæfur til að fjalla um áfrýjun Umferðarstofu og hefði átt að víkja sæti úr samkeppnisráði þegar málefni Umferðarstofu var til meðferðar hjá ráðinu.

**Hunsaði Umferðarstofa tilmæli Samkeppnisstofnunar?**

Í úrskurði samkeppnisráðs kemur eftirfarandi fullyrðing fram: „ ..., að Umferðarstofa hafi ekki orðið við tilmælum Samkeppnisstofnunar um að ljúka málinu með því að hætta birtingu auglýsinganna og því telji ráðið nauðsynlegt að banna birtingu þeirra.“

Þetta er ekki rétt. Um leið og Samkeppnisstofnun fór fram á það að birtingu auglýsinganna yrði hætt var það gert. Ein af þessum auglýsingum var tekin úr umferð en hinsvegar var ákveðið af hálfu Umferðarstofu að breyta tveimur af þremur þessara auglýsinga þannig að þær sýndu ekki þau atriði sem lágu til grundvallar kæru Umboðsmanns barna. Breyttar útgáfur af auglýsingunum tveimur voru sýndar í sjónvarpi um þriggja vikna skeið og lauk sýningu þeirra í byrjun mars. Engar kvartanir eða kærur bárust samkeppnisyfirvöldum vegna auglýsinganna í breyttri mynd.

**65,3% aðspurðra telja ekki of langt gangið**

Eftir sérhverja auglýsingaherferð framkvæmir Gallup viðhorfskönnun fyrir Umferðarstofu þar sem almenningur er spurður um álit sitt á viðkomandi auglýsingum. Mörgum leikur eflaust forvitni á að vita hvað almenningi finnst um hinar bannfærðu auglýsingar.

Aðspurðir hvort svarendur teldu boðskap auglýsinganna komast vel eða illa til skila sögðu tæp 77% að hann kæmist vel til skila. 4,8% sögðu hvorki né en 18,6% sögðu boðskapinn ekki skýran. Í sömu könnun kemur fram að 34,6% töldu auglýsingarnar ganga of langt en 62,9% töldu þær ganga hæfilega langt og 2,4% sögðu ekki nægjanlega langt gengið. Af þessu má ljóst vera að mikill meirihluti fólks skildi boðskap auglýsinganna og taldi þær þjóna vel þeim tilgangi að vekja fólk til vitundar um alvarleika óábyrgrar hegðunar í umferðinni.

Það er mjög brýnt að stofnun, sem gegnir jafn mikilvægu hlutverki og Samkeppnisstofnun gerir, standi þannig að málum að úrskurðir hennar séu hafnir yfir minnsta grun um óvandvirkni og rangfærslur.

*Höfundur er hugmyndastjóri Himins og hafs, auglýsingastofu sem sá um framleiðslu umræddra auglýsinga fyrir Umferðarstofu.*

5
Stórglæsilegir skattfrjálsir vinningar:
Honda jazz vinningar
í júní



Drögum í dag

Sigríður Þorvaldsdóttir leikkona:
„Leiktu með af því að lífið sjálft er stærsta happdrættið“

Veldu þér vinningsnúmer í síma
552 2150 eða á www.sibs.is

Láttu reyna á heppnina
- þú gætir unnið milljónir í verðlaun fyrir að styðja lífsnauðsynlega uppbyggingu að Reykjalundi

Vertu með
- þú veist aldrei hvenær röðin kemur að þér

Nýtt
Nú getur þú keypt mánaðarmiða við kassann í Hagkaupum

HÉR & NÚ / SÍA



22 Honda Jazz bifreiðar
léttleikandi, fjölnotabifreið, tilbúin á götuna - skattfrjáls.
Skoðaðu Honda Jazz hjá Bernhard, Vatnagörðum

2005

3.750 Kjarvalsbækur



HAPPDRÆTTI SÍBS
...fyrir lífið sjálft

33.296 vinningar verða dregnir út á árinu. Miðaverð 900 kr.

## KAUPHÖLL ÍSLANDS [HLUTABRÉF]

**ICEX-15** 4.075 **-0,15%**

**Fjöldi viðskipta:** 190
**Velta:** 583 milljónir

| MESTA HÆKKUN | | MESTA LÆKKUN | |
|---|---|---|---|
| **Straumur** | 0,85% | **Actavis** | -1,91% |
| **Össur** | 0,65% | **Marel** | -0,88% |
| **Flaga** | 0,40% | **Landsbankinn** | -0,61% |

**HLUTABRÉF Í ÚRVALSVÍSITÖLU:** Actavis 41,10 -1,91% ... Atorka 5,95 -0,17% ... Bakkavör 35,40 – ... Burðarás 14,70 – ... FL Group 14,50 +0,35% ... Flaga 4,97 +0,40% ... Íslandsbanki 13,45 -0,37% ... KB banki 536,00 +0,19% ... Kögun 60,50 -0,33% ... Landsbankinn 16,40 -0,61% ... Marel 56,30 -0,88% ... Og fjarskipti 4,00 – ... Samherji 12,10 – ... Straumur 11,90 +0,85% ... Össur 77,00 +0,65%

# viðskipti

Umsjón: MARKAÐURINN nánar á visir.is

## *Peningaskápurinn...*

### Ekki nægar upplýsingar

Það hefur vakið athygli fjárfesta að greiningardeildir bankanna hafa ekki gefið út neina opinbera ráðleggingu vegna hlutafjárútboðs í tískukeðjunni Mosaic. Reyndar er KB banki löglega afsakaður þar sem bankinn hefur umsjón með útboðinu en hinar greiningardeildirnar hafa líka haldið að sér höndum. Þetta kemur á óvart en bankarnir munu þó vera mismunandi spenntir fyrir nýja félaginu. Þá mun vera óánægja með það innan bankanna að upplýsingar um nýja félagið í Kauphöllinni hafi borist seint og illa og ekki hafi verið orðið við beiðnum um viðbótarupplýsingar þegar eftir þeim var leitað. Miklu meiri eftirspurn en framboð var þegar bréf í félaginu voru seld til fagfjárfesta en nú geta eintaklingar skráð sig og er hægt að kaupa fyrir samtals 1,2 milljarða króna.



### Enn spenna um Íslandsbanka

Fréttir um væntanlega sölu á fjögurra prósenta hlut Steinunnar Jónsdóttur í Íslandsbanka vöktu mikla athygli fyrir helgi. Á föstudaginn var nánast fullyrt í fréttum Stöðvar 2 að kaupin væru á næsta leiti en svo virðist sem samningar taki lengri tíma en búist var við. Ekki er hægt að fullyrða hvort af sölu verður en hart er sótt að henni að selja til aðila hliðhollum Straumi en núverandi valdhafar í fyrirtækinu vilja vitaskuld einnig komast yfir hlutinn. Ólíklegt er að hörð gagnrýni á Bjarna Ármannsson, forstjóra Íslandsbanka, sé ótengd þessum væringum. Steinunn stendur frammi fyrir því að velja á milli Einars Sveinssonar og Bjarna Ármannssonar annars vegar og Straums- og Landsbankamanna hins vegar. Þar sem báðir hóparnir eru líklegir til að geta boðið sama verð reyna menn að leita annarra leiða til að sannfæra seljandann um að eiga frekar viðskipti við sig heldur en hinn aðilann.

## MARKAÐSFRÉTTIR...

**Sveinn Þór Stefánsson** hefur tekið sæti í stjórn **Flögu Group**.

Ávöxtunarkrafa á skuldabréfamarkaði hækkaði í gær í kjölfar vaxtahækkunar **Seðlabankans** á föstudag.

Gengi íslensku krónunnar styrktist verulega í gær og er sú hækkun rakin til stýrivaxtahækkunar **Seðlabankans**. Gengisvísitala krónunnar lækkaði um tæp tvö prósent.

Hlutabréf í Bretlandi, Þýskalandi og Japan lækkuðu í gær. **FTSE** í Lundúnum lækkaði um 0,38 prósent, **Dax** í Þýskalandi um 0,29 prósent og **Nikkei** í Tókýó um 0,26 prósent.

# SPRON afnemur skilyrði

Þeir sem sækja um íbúðalán hjá SPRON með 4,15 prósenta vöxtum þurfa ekki eiga að önnur bankaviðskipti við sparisjóðinn. SPRON er „fyrsta bankastofnunin á landinu sem stígur þetta skref til fulls og gerir ekki kröfur til lántakenda um önnur viðskipti,“ segir í fréttatilkynningu frá sparisjóðnum. Áður höfðu dótturfélög SPRON, Netbankinn og Frjálsi fjárfestingarbankinn, gert hið sama.

Stjórnendur SPRON segjast hafa fundið fyrir mikilli óánægju almennings með að lánveitendur skuldbindi lántakendur til að eiga viðskipti við þá í allt að 40 ár.

**- eþa**




**ENGIN SKILYRÐI** SPRON afnemur skilyrði um önnur bankaviðskipti þegar tekið er íbúðalán á 4,15 prósenta vöxtum.

# Laun kvenna hækkað örlítið meira en karla

### Meðallaun viðskipta- og hagfræðinga eru 519 þúsund krónur.

Laun kvenna hafa hækkað örlítið meira en karla frá árið 2003. Heildarlaun kvenna hækka um tæp 11 prósent en karla um 10 prósent milli mælinga. Launamunur kynjanna virðist örlítið minni en fyrir tveimur árum. Karlar hafa tæplega 30 prósent hærri heildarlaun en konur samanborið við tæplega 31 prósents launamun árið 2003 og 22 prósenta mun árið 2001.

Ef launamunur er skoðaður miðað við vinnuframlag er hann 22 prósent en var 17 í sambærilegri könnun árið 2003.

Launamunur kynjanna er tæp átta prósent þegar tekið er tillit til þátta eins og menntunar, starfs, atvinnugreinar, aldurs, vinnuframlags, mannaforráða og starfsaldurs. Munurinn var tæp sjö prósent árið 2003.

Meðalmánaðarlaun viðskipta- og hagfræðinga eru 519 þúsund krónur. Þau hafa hækkað nokkuð frá árinu 2003 þegar síðasta könnun var gerð en þá voru þau rúmlega 475 þúsund krónur.

Miðgildi launa kvenna er 399 þúsund krónur en karla eru 517 þúsund krónur.

Viðskipta- og hagfræðingar vinna svipað lengi núna og áður. Karlar vinna að meðaltali 46,4 stundir á viku en konur 43,5 stundir á viku. Konur hafa aukið vinnustundir sínar en karlar vinna svipað mikið og áður.

Niðurstöður könnunarinnar byggja á 1.072 svörum hjá viðskipta- og hagfræðingum.

**dogg@frettabladid.is**

FRÉTTABLAÐIÐ/KGB



**FÁAR KONUR ERU MEÐAL LAUNAHÆSTU VIÐSKIPTA- OG HAGFRÆÐINGA** Launamunur kynjanna minnkar örlítið en enn er nokkur munur á launum kynjanna. Hver einasti bankastjóri í stóru bönkunum er karlmaður.




# Krónan styrktist mikið

Krónan styrktist í gær um rúm 1,7 prósent en velta á gjaldeyrismarkaði var mjög mikil eða tólf milljarðar. Gengisvísitalan endaði í 110,65 stigum. Búist var við þessari styrkingu eftir að Seðlabankinn hækkaði stýrivexti um hálft prósentustig á föstudaginn síðasta. Mikill munur er á skammtímavöxtum milli Íslands og útlanda. Munurinn er nú 6,8 prósent.

Greiningardeildir viðskiptabankanna sjá ekki fyrir sér að krónan veikist gagnvart erlendum gjaldmiðlum í bráð.

Sölugengi Bandaríkjadals var 64,5 krónur í lok dag en sterlingspundið stóð í 117,3 krónum.

**- eþa**

FRÉTTABLAÐIÐ/VILHELM



**VAXTAHÆKKUN STYRKIR KRÓNUNA** Birgir Ísleifur Gunnarsson seðlabankastjóri tilkynnti um vaxtahækkun á föstudaginn sem hafði mikil áhrif á gjaldeyrismarkaði í gær.



| | Sólarupprás | Hádegi | Sólarlag |
|---|---|---|---|
| REYKJAVÍK | 3.08 | 13.27 | 23.47 |
| AKUREYRI | 2.10 | 13.11 | 00.16 |

Heimild: Almanak Háskólans

# allt

FRÉTTABLAÐIÐ

## heilsa o.fl.

Tennis nýtur mikilla vinsælda
BLS. 4



SMÁAUGLÝSINGASÍMINN ER 550 5000 OG Á visir.is

**Góðan dag!**
Í dag er þriðjudagur 7. júní, 158. dagur ársins 2005.




**Smáauglýsingar**
byrja í dag á bls. 5

**Flokkar**

Bílar & farartæki
Keypt & selt
Þjónusta
Heilsa
Skólar & námskeið
Heimilið
Tómstundir & ferðir
Húsnæði
Atvinna
Tilkynningar

ÞÚ GETUR PANTAÐ SMÁAUGLÝSINGAR Á visir.is



FRÉTTABLAÐIÐ/E.ÓL.

Magnús fer oft í eltingarleik með börnum sínum og dansar með þeim inni í stofu.

# Einn af styrktaraðilum líkamsræktarstöðvanna

***Magnúsi Þór Gylfasyni, framkvæmdastjóra borgarstjórnarflokks sjálfstæðismanna, finnst mikilvægt að halda sér í andlegu og líkamlegu formi og gerir það með því að fíflast með börnunum sínum.***

Spurður um hvernig hann haldi sér í formi rekur Magnús upp mikil hlátrasköll og svarar um hæl. „Þú gast ekki hitt á verri mann. Ég er einn af þessum góðu styrktaraðilum líkamsræktarstöðva á Íslandi. Ég held að ég sé búinn að borga mánaðargjaldið í World Class í næstum því ár og örugglega búinn að fara um það bil tíu sinnum.“

„Mér finnst alveg jafn mikilvægt að rækta andann eins og að halda mér í líkamlegu formi. Ég reyni að njóta menningar, fara á tónleika og mér finnst líka mjög gaman að fara í sund. Ég reyni að finna mér tíma hér og þar og fer til dæmis í gufu þar sem ég get setið, slakað á og íhugað,“ segir Magnús Þór en börnin hans tvö halda honum ekki síður í formi. „Ég tala mikið við börnin mín og okkur finnst afskaplega gaman að ærslast og dansa í stofunni. Sonur minn er eins árs og finnst gaman að láta halda á sér og ég fer oft í eltingarleik við þriggja ára dóttur mína. Okkur finnst gaman að fíflast og það er svo sannarlega góð líkamsrækt.“

Í sumar ætlar Magnús Þór að styrkja sig líkamlega með skemmtilegri aðferð. „Ég og tveir vinir mínir höfum ákveðið að fara í keppni. Við ætlum að finna okkur góðan þjálfara og koma okkur í betra form yfir sumarmánuðina. Sá sem stendur sig best fær verðlaun og gæti það til dæmis verið veiðiferð eða eitthvað slíkt,“ segir Magnús en í keppninni verður fleira mælt en kílóin. „Markmiðin okkar eru mismunandi. Ég hef til dæmis aldrei verið feitur þannig að ég ætla frekar að styrkja hjartað og efla þolið. Það væri hið versta mál fyrir mig að þurfa að missa einhver kíló. Þá væri ég virkilega illa staddur.“

lilja@frettabladid.is

## LIGGUR Í LOFTINU
## *í heilsu*

**Hermannaveiki** Vegna fréttaflutnings af svokallaðri hermannaveiki starfsmanns Landspítala - háskólasjúkrahúss vill Landlæknisembættið ítreka að um starfsmann á skrifstofu Landspítalans er að ræða. Rétt er að hermannaveiki getur borist með loftræstikerfum. Skrifstofan er hins vegar í öðru húsi við aðra götu og með annað loftræstikerfi. Þetta kemur fram á vefsíðu Landlæknisembættisins.



**Forvarnir** SAMAN hópurinn, sem starfar að forvörnum hjá ungu fólki, hefur ákveðið að leggja áherslu á aldurshópinn 16-18 ára og á næstu dögum verða send kort til foreldra þeirra sem eru að útskrifast úr 10. bekk þar sem minnt er á að börn eru börn til 18 ára aldurs og þurfa áfram á umhyggju, aðhaldi og eftirliti að halda. Í haust mun svo SAMAN gefa út bækling með heilræðum til foreldra nýnema framhaldsskóla í samvinnu við forvarnafulltrúa í skólunum.

**Esso** styrkir Krabbameinsfélagið með sölu á tryggðaböndum. Böndin eru til sölu á öllum bensínstöðvum Esso og rennur ágóði af sölunni óskiptur til Krabbameinsfélagsins. Böndin eru fáanleg í sex litum og kosta 500 krónur. Markmiðið er að selja fimm þúsund bönd, en það mun gefa á þriðju milljón króna til félagsins.

heilsa@frettabladid.is



**Svefn**
Gott ráð við svefnleysi er að stunda líkamsrækt seinni part dags og fara í heitt bað rétt fyrir svefninn. Ekki drekka alkóhól eða kaffi fyrir háttinn og forðastu að horfa á sjónvarp klukkustund áður en þú ferð að sofa.

















FRÉTTABLAÐIÐ/HEIÐA

Jóhanna, Grétar, Friðbjörn og Brynhildur í góðri upphitun í góða veðrinu.

# Veðrið hættir að skipta máli

***Trimmklúbbur Seltjarnarness, TSK, heldur upp á tuttugu ára afmælisár sitt í ár. Kjörorð klúbbsins eru „Muna að hafa gaman" og það má með sanni segja að þau orð séu enn í hávegum höfð í dag en þrjátíu til fjörutíu manns mæta reglulega og æfa með klúbbnum.***

„Við hittumst þrisvar í viku hjá Sundlaug Seltjarnarness. Á mánudögum hlaupum við langt og fer það eftir hverjum og einum hve langt það er. Á miðvikudögum er lögð áhersla á brekkur en í lok tímans förum við inn í Ræktina í þrjátíu mínútur og gerum styrktaræfingar og teygjur. Á laugardögum erum við sex mánuði ársins inni í styrktartímum en það tímabil endar í apríl. Núna á laugardögum skokkum við um það bil fimm kílómetra og förum svo í tröppuþrek sem eru mjög fjölbreyttar snerpu- og styrktaræfingar," segir Steinunn H. Hannesdóttir íþróttafræðingur en hún er þjálfari klúbbsins ásamt Þórhöllu Andrésdóttur sjúkraþjálfa.

„Í ár erum við í fyrsta skipti með sérstakt námskeið fyrir byrjendur en það er í tilefni af afmælinu. Á námskeiðinu eru rúmlega þrjátíu manns og hittumst við tíu sinnum yfir fjórar vikur. Á námskeiðinu er farið yfir grunnþjálfun og okkur fannst þetta sniðug hugmynd að fá nýtt fólk inn í klúbbinn en það hefur verið rosalega góð aðsókn á þetta námskeið," segir Þórhalla en klúbburinn gerir ýmislegt annað en að hittast þrisvar sinnum í viku. „Það er rosalega mikið félagsstarf í klúbbnum. Við hittumst reglulega yfir kakói og rúnstykkjum yfir veturinn á laugardögum. Síðan förum við í eina langa, sex daga gönguferð yfir sumarið og margar styttri með. Við stöndum einnig fyrir sérstakri fjölskylduferð sem er hjóladagur og Neshlaupinu sem var hlaupið núna í maí," segir Steinunn.

„Það er vissulega stórt atriði að hafa gaman að þessu og fá góðan félagsskap. Flestir eru í klúbbnum fyrst og fremst að skokka sér til heilsubótar en sumir eru að æfa sig fyrir stærri hlaup. Við förum nokkur á Mývatn í júní og það hefur verið góð þátttaka í Reykjavíkurmaraþoninu síðustu ár," segir Steinunn en klúbburinn hleypur í hvaða veðri sem er. „Það fellur aldrei niður tími sama hvernig veðrið er. Veðrið bara hættir að skipta máli, þetta er svo yndislegt. Mér finnst líka vera vakning í skokki núna og fleiri og fleiri hafa áhuga. Við reynum að taka vel á móti nýliðum og fylgja þeim eftir og fólk á ekki að vera að æfa sig í laumi áður en það kemur í klúbbinn," segir Þórhalla.



Þórhalla og Steinunn, þjálfarar klúbbsins.



Klúbburinn hitar alltaf upp fyrir utan Sundlaug Seltjarnarness.



Meðlimir klúbbsins koma ekki bara af Seltjarnarnesi heldur líka úr austur- og vesturbæ Reykjavíkur.

*lilja@frettabladid.is*












## SÖLVI GEFUR GÓÐ RÁÐ

### Af hverju stundar fólk ekki líkamsrækt?

Hægt er að finna ýmsar ástæður fyrir því að við ræktum ekki líkama okkar. Því miður stendur sú staðreynd eftir að annaðhvort byrjum við að rækta líkama okkar af sjálfsdáðum eða þá að við lendum mjög líklega í aðstæðum sem bókstaflega neyða okkur til þess!

**Ræktaðu garðinn þinn!**

Ef líkami okkar er ekki ræktaður þá verður það eins og með hvern annan garð þar sem illgresi og arfi safnast fyrir sem getur kæft allt annað sem fyrirfinnst í garðinum.

**Illgresi**

Hvað líkamann snertir þá birtist þetta á þann hátt að ef við ræktum ekki okkar „garð“ þá mun mjög líklega koma að því að við fáum sjúkdóma sem NEYÐA okkur til þess að rækta hann.

**Ekki láta þetta koma fyrir þig!**

Það er svo auðvelt að byrja, í dag eru fleiri úrræði í líkamsrækt í boði en nokkru sinni fyrr í mannkynssögunni. Er ekki best að taka bara pásu yfir sumarið? Það vill stundum brenna við að hefðbundin regluleg líkamsrækt/þjálfun sé látin lönd og leið yfir sumarið oft vegna ástundunar annarrar tegundar líkamsræktar eins og t.d. golfs sem er stunduð meira yfir sumartímann en aðra hluta ársins.

**Ekki „detta út“**

Ef það á við hjá þér þá ráðlegg ég þér að leyfa þér ekki að „detta alveg út“ yfir sumarið heldur fækka skiptum og mæta þá t.d. tvisvar í viku eða stytta tímann í hvert skipti sem þú mætir í stað þess að hætta alveg! Þetta hefur mikil áhrif og kemur í veg fyrir að þú „dettir niður“ í árangri.

**Af hverju?**

„Afþjálfun“ er fyrirbæri sem virkar þannig að þegar við hættum að stunda líkamsrækt þá missum við árangur um helmingi hraðar en við náðum að byggja hann upp! Þannig getur þú haldið þeim árangri sem þú hefur verið að byggja upp og jafnvel bætt þig talsvert. Svo er ekki verra að hafa „efni“ á því að njóta sín við grillið.

Þetta og önnur hollráð er að finna á vefsvæði Heilsuráðgjafar: www.heilsuradgjof.is

**Sölvi Fannar Viðarsson**
Er framkvæmdastjóri Heilsuráðgjafar. Hann hefur starfað við einkaþjálfun og heilsuráðgjöf um árabil.



LYFJA
Við mælum beinþéttni
Pantaðu tíma
í Lágmúla í síma 533 2308
Smáratorgi í síma 564 5600



Konur sem telja ofan í sig kaloríur og æfa mikið eru ekki endilega við betri heilsu en þær sem gera það ekki.

## Megrunarkúrar ekki lausnin

KONUR SEM FYLGJA STRÖNGU MATARÆÐI OG TELJA OFAN Í SIG KALORÍURNAR LIFA LANGT Í FRÁ HEILSUSAMLEGRA LÍFI EN KONUR SEM FYLGJA EKKI MEGRUNARKÚRUM.

Rannsókn sem gerð var í Kaliforníuháskóla bendir til þess að fólk sem missir aukakílóin eigi ekki síður á hættu að fá hjartasjúkdóma, sykursýki, heilablóðfall og sumar tegundir af krabbameini. Lykilatriði er að hlusta á líkamann og borða heilsusamlegan mat.

Eingöngu of feitar konur tóku þátt í rannsókninni og var þeim skipt í tvo hópa. Megrunarhópurinn fékk upplýsingar um hvernig ætti að telja kaloríur og fituinnihald, hvernig ætti að kaupa í matinn og hvernig ætti að fylgjast með þyngdinni með því að fara á megrunarkúr og æfa sig. Hinn hópurinn fékk ráðgjöf um hvernig ætti að hlusta á líkamann og borða það sem hann vildi.

Á tveggja ára tímabili var fylgst með blóðþrýstingi og kólesterólmagni, hreyfingu, viðhorfi til matar og hegðun beggja hópanna. Þeim sem ekki voru í megrunarkúr leið betur og þeir fundu fyrir meira sjálfstrausti og stóðu í stað í þyngd. Blóðþrýstingur þeirra lækkaði og kólesterólmagnið var betra. Megrunarhópurinn sýndi sömu einkenni á megrunarkúrnum en um leið og kúrinn var búinn féll hann aftur í sama far. Niðurstaða könnunarinnar var sem sagt að hópurinn sem ekki fór í megrun var hamingjusamari.

## Lyf gegn ótímabæru sáðláti

KARLMENNIRNIR Í HEIMINUM ÆTTU AÐ GETA LAGAÐ ÞETTA HVIMLEIÐA VANDAMÁL.

Nýtt undralyf, Dapoxetine, hefur verið sett á markaðinn í Bandaríkjunum og á það að hjálpa milljónum karlmanna um allan heim sem þjást af ótímabæru sáðláti.

27 til 34 prósent allra karlmanna á öllum aldri þjást af ótímabæru sáðláti en það er þegar sáðlát á sér stað innan við tveim mínútum eftir að kynlífsathöfn hefst, jafnvel áður en hún hefst í sumum tilvikum.



Ótímabært sáðlát eyðileggur kynlíf sumra karlmanna.




Hvernig er mallinn?
ACIDOPHILUS FYRIR BÖRN
heilsuhúsið
Skólavörðustíg, Kringlunni & Smáratorgi
KRAFTAVERK



Undirbýr húðina fyrir sólböð


Eykur brúnan húðlit í sól
Viðheldur brúnum húðlit eftir sólböð
1 hylki á dag, fyrir sólböð, á meðan og eftir þau. Staðfest með vísindalegum rannsóknum



TILBOÐSDAGAR
10 TIL 40% AFSLÁTTUR


Frá Yves Delorme, einu virtasta tískuhúsi Frakklands: Rúmteppi, rúmfatnaður (lök, pífur, sængurverasett), baðhandklæði, baðmottur, baðsloppar (dömu/herra), borðdúkar, ilmsápur,-krem,-kerti o.m.fl.
Rúmin frá Stears & Foster eru hönnuð fyrir fólk sem vill aðeins það besta. Þau veita réttan stuðning og tryggja vellíðan á hverri nóttu með sérhönnuðu gormakerfi, bólsturslögum og einstökum frágangi.
rúmco
Langholtsvegi 111 • 104 Reykjavík • Sími 568 7900
















Jónas hefur kennt tennis í sautján ár og er ekki á leiðinni að hætta.

# Stendur og fellur með sjálfum þér

***Í húsi Sporthússins í Kópavogi er tenniskennsla á vegum Tennisfélags Kópavogs. Jónas Páll Björnsson, sem rekur tennisaðstöðuna og kennir tennis, segir íþróttina aldrei hafa verið vinsælli á Íslandi en einmitt núna.***

„Erlendis er talað um golf og tennis í sömu andrá þar sem þessar tvær íþróttir eru jafn vinsælar á Vesturlöndum. Sums staðar er tennis jafnvel vinsælli. Tennis er tiltölulega ný íþrótt hér á landi og mér finnst hún eiga mikið inni. Fólk virðist vera farið að uppgötva tennis meira og meira núna,“ segir Jónas, en engar sérstakar fatareglur eru í tennis eins og golfi. „Áður fyrr áttu allir að vera í hvítum fötum á völlunum en í dag er það ekki eins formlegt. Við erum mjög frjálsleg hérna á Íslandi og skyldum fólk ekki til að vera í neinum sérstökum fötum. Bara léttum íþróttafötum.“

Apótek Siglufjarðar
Paloma Grindavík
Fatabúðin Ísafirði
Verslunin Rangá, Skipasundi 56
Þín verslun, Seljabraut Rvík
Lyfja, útibú Patreksfirði
Samkaup, Fáskrúðsfirði
Dalakjör, Búðardal
Kassinn, Ólafsvík
Verslunin, Strax, Flúðum
Strax, Skagaströnd

ÁSKRIFT: 515 6100 | WWW.STOD2.IS | SKÍFAN | OG VODAFONE

Farmington hverfið í Los Angeles er vígvöllur í stríðinu við glæpaklíkurnar.

THE SHIELD

Í kvöld kl. 22.



GOTT FOLK McCANN

# VIÐ TÆKIÐ

## Af hverju ekki?

**MÖRTU MARÍU** FINNST DJÚPA LAUGIN 2 EKKI SEM VERST

Ég datt inn í Djúpu laugina 2 á föstudagskvöldið. Eitthvað var ég búin að heyra að þátturinn væri í slappara lagi og lyktaði af nýgræðingshætti. Þessu er ég alls ekki sammála og skemmti mér bara nokkuð vel. Mér finnst þátturinn eiga fullan rétt á sér og þó ég sé ekki beint í makaleit hafði ég gaman af. Sviðsmynd þáttarins er skemmtileg og þáttastjórnendurnir Gunnhildur og Helgi eru ekki sem verst. Þau eru frískir og skemmtilegir krakkar og mátulega kærulaus, sem hentar sjónvarpsþætti sem þessum. Á föstudaginn var svakasæt skvísa í settinu og átti hún að velja á milli þriggja gæja sem voru bara nokkuð sætir og sjarmerandi. Ástin er flestum hugleikin og þó fólk sé ekki að leita að henni er gaman að fylgjast með pörum sem eru að stíga sín fyrstu skref í átt að sambandi eða að þreifa fyrir sér. Það er ekki verra sjónvarpsefni en hvað annað. Ég sé heldur ekki að það sé neitt verra að finna ástina á öldum ljósvakans en á alnetinu eða á börunum. Ég hef heyrt ýmsar slepjulegar sögur af alnetinu þar sem fólk er í sakleysi sínu að reyna að höndla hamingjuna. Þar getur verið auðvelt að villa á sér heimilidir þó viss prósenta sé stálheiðarleg og meini vel. Barirnir eru líka vettvangur en það getur verið þreytandi að hanga á helgi eftir helgi, ár eftir ár, í leit að ævintýrum. Félagi minn kom einu sinni með sniðuga athugasemd. Hann sagði: „Þið kvenfólk eruð stundum alveg merkilegar. Þið leitið ykkur að lífsförunauti á myrkvuðum skemmtistöðum, oft á tíðum blindfullar. Þið mynduð aldrei kaupa ykkur bíl í þessu ástandi.“



GUNNHILDUR OG HELGI STANDA SIG VEL Í DJÚPU LAUGINNI 2.



**20.55** *Fræðsla*

ÆTTIR ÞRÆLANNA. Fjallað er um afkomendur norrænna þræla en þetta er lokaþáttur.



**20.00** *Gaman*

STRÁKARNIR. Sveppi, Auddi og Pétur Jóhann halda uppteknum hætti og sprella á skjánum.





**20.10** *Raunveruleiki*

THE BIGGEST LOSER. Caroline Rhea stjórnar þætti þar sem offitusjúklingar keppast um að grenna sig.

### SJÓNVARPIÐ

**17.05** Leiðarljós **17.50** Táknmálsfréttir **18.00** Pétur kanína (4:6)

**18.30** **Gló magnaða (10:19)** (Kim Possible)
**19.00** **Fréttir og íþróttir**
**19.35** **Kastljósið**
**20.10** **Everwood (8:22)** (Everwood II) Bandarísk þáttaröð um heilaskurðlækni og ekkjumann sem býr ásamt tveimur börnum sínum í smábænum Everwood.
**20.55** **Ættir þrælanna (4:4)** (Slavernes slægt) Einn svartur þræll bauð sig fram í orrustu Dana gegn breska flotanum árið 1801. Hann var síðan dæmdur til áframhaldandi þrældóms en flýði til Íslands og hér stendur út af honum mikil ætt sem fjallað er um í þessum þætti.
**22.00** **Tíufréttir**
**22.20** **Illt blóð (4:4)** (Wire in the Blood II) Atriði í þáttunum eru ekki við hæfi barna. Aðalhlutverk: Robson Green og Hermione Norris.

**23.45** Kastljósið **0.05** Dagskrárlok

### STÖÐ 2

**6.58** Ísland í bítið **9.00** Bold and the Beautiful **9.20** Í fínu formi **9.35** Oprah Winfrey **10.20** Ísland í bítið

**12.20** Neighbours **12.45** Í fínu formi **13.00** Perfect Strangers **13.25** George Lopez 3 (22:28) (e) **13.50** Married to the Kellys (5:22) (e) **14.15** Kóngur um stund (3:18) **14.40** Sketch Show 2, The (6:8) **15.05** Extreme Makeover (7:23) (e) **16.00** Barnatími Stöðvar 2 **17.53** Neighbours **18.18** Ísland í dag

**18.30** **Fréttir Stöðvar 2**
**19.00** **Ísland í dag**
**19.35** **Simpsons** (Simpson-fjölskyldan)
**20.00** **Strákarnir**
**20.30** **Fear Factor (8:31)** (Mörk óttans 5)
**21.15** **Las Vegas 2 (21:24)** (Hide And Sneak)
**22.00** **Shield (7:13)** (Sérsveitin 4) The Shield gerist í Los Angeles og fjallar um sveit lögreglumanna sem virðist hafa nokkuð frjálsar hendur. Stranglega bönnuð börnum.
**22.45** **Navy NCIS (12:23)** (Glæpadeild sjóhersins) Sjóhernum er svo annt um orðspor sitt að starfandi er sérstök sveit sem rannsakar öll vafasöm mál sem tengjast stofnuninni. Þar er Leroy Jethro Gibbs fremstur meðal jafninga en útsendarar sjóhersins halda hvert á land sem er þegar kallið berst. Bönnuð börnum.
**23.30** Twenty Four 4 (20:24) (Stranglega bönnuð börnum) **0.15** The Wash (Stranglega bönnuð börnum) **1.50** Fréttir og Ísland í dag **3.10** Ísland í bítið **5.10** Tónlistarmyndbönd frá Popp TíVí

### SKJÁREINN

**17.55** Cheers – 3. þáttaröð **18.20** One Tree Hill (e)

**19.15** **Þak yfir höfuðið (e)**
**19.30** **Þak yfir höfuðið** Umsjón hefur Hlynur Sigurðsson.
**19.45** **According to Jim (e)**
**20.10** **The Biggest Loser – NÝTT!** Í þáttunum keppa offitusjúklingar, með hjálp sérvalinna einkaþjálfara um hverjum gengur best að megra sig og halda reglurnar.
**21.15** **Brúðkaupsþátturinn Já – Ný þáttaröð** Ella sér sem fyrr um að rómantíkin fái að njóta sín og að þessu sinni verður bryddað upp á þeirri nýbreytni að fengnir verða sérfróðir aðilar til að upplýsa áhorfendur og brúðhjón um praktísku atriðin varðandi hjónabandið.
**22.00** **CSI: Miami – Ný þáttaröð** Horatio Cane fer fyrir fríðum flokki réttarrannsóknafólks í Miami.
**22.45** **Jay Leno** Jay

**23.30** The Contender – NÝTT! (e) **0.15** Cheers – 3. þáttaröð (e) **0.40** Boston Public **1.20** John Doe **1.35** Óstöðvandi tónlist

### STÖÐ 2 BÍÓ

**6.00** Hilary and Jackie **8.00** Joe Somebody **10.00** Get Over It **12.00** A Walk In the Clouds **14.00** Hilary and Jackie **16.00** Joe Somebody **18.00** Get Over It **20.00** A Walk In the Clouds **22.00** A Beautiful Mind (B. börnum) **0.15** 40 Days and 40 Nights (B. börnum) **2.00** Phantom of the Opera (Strangl. b. börnum) **4.00** A Beautiful Mind (Bönnuð börnum)

### OMEGA

**7.00** Joyce Meyer **7.30** Benny Hinn **8.00** Dr. David Cho **8.30** Acts Full Gospel **9.00** Ron Phillips **9.30** Blandað efni **10.00** Joyce Meyer **10.30** Freddie Filmore **11.00** Samverustund (e) **12.00** Kvöldljós **13.00** Joyce Meyer **13.30** Blandað efni **14.30** Gunnar Þorsteinsson **15.00** Believers Christian Fellowship **16.00** Joyce Meyer **16.30** Blandað efni **17.00** Fíladelfía (e) **18.00** Dr. David Cho **18.30** Joyce Meyer **19.00** Fréttir á ensku **20.00** Samverustund (e) **21.00** Dr. David Cho **21.30** Freddie Filmore **22.00** Joyce Meyer **22.30** Blandað efni **23.00** CBN fréttastofan – fréttir á ensku **0.00** Nætursjónvarp

### AKSJÓN

**7.15** Korter**21.00** Bæjarstjórnarfundur **23.15** Korter

## ERLENDAR STÖÐVAR

**SKY NEWS**
Fréttir allan sólarhringinn.

**CNN INTERNATIONAL**
Fréttir allan sólarhringinn.

**FOX NEWS**
Fréttir allan sólarhringinn.

**EUROSPORT**
**12.00** Tennis: ATP Tournament Queen's United Kingdom **16.45** Football: Goooooal ! **17.00** Rally: World Championship Turkey **18.00** Boxing **21.00** Rally Raid: World Cup Morocco **21.30** Truck Sports: European Cup Albacete **22.00** News: Eurosportnews Report **22.15** Rally: World Championship Turkey **23.15** Football: Goooooal !

**BBC PRIME**
**12.00** Born and Bred **12.50** Teletubbies **13.15** Tweenies **13.35** Fimbles **13.55** Balamory **14.15** Angelmouse **14.20** Yoho Ahoy **14.25** Teletubbies Everywhere **14.35** The Raven **15.00** Cash in the Attic **15.30** Home Front in the Garden **16.00** The Chelsea Flower Show **17.00** Doctors **17.30** EastEnders **18.00** Extreme Animals **18.30** Weird Nature **19.00** Top Gear Xtra **20.00** Medical Mysteries **21.00** Casualty **21.50** Holby City **23.00** Great Romances of the 20th Century **0.00** Hollywood Inc **1.00** Stephen Hawkings Universe

**NATIONAL GEOGRAPHIC**
**12.00** Insects from Hell **12.30** Totally Wild **13.00** Air Crash Investigation **14.00** Seconds from Disaster **15.00** Big Cat Challenge **16.00** Battlefront **17.00** VE – Ten Days to Victory **18.00** Insects from Hell **18.30** Totally Wild **19.00** Paranormal? **20.00** Air Crash Investigation **21.00** Tsunami – The Day the Wave Struck **22.00** D-Day **23.00** Seconds from Disaster **0.00** Air Crash Investigation

**ANIMAL PLANET**
**12.00** Austin Stevens – Most Dangerous **13.00** In Search of the Giant Anaconda **14.00** Animal Cops Detroit **15.00** The Planet's Funniest Animals **15.30** Amazing Animal Videos **16.00** Growing Up... **17.00** Monkey Business **17.30** The Keepers **18.00** Austin Stevens – Most Dangerous **19.00** In Search of the Giant Anaconda **20.00** Miami Animal Police **21.00** Elephant Trilogy **21.30** Animals A-Z **22.00** Pet Rescue **22.30** Breed all About It **23.00** Wildlife SOS **23.30** Aussie Animal Rescue **0.00** Austin Stevens – Most Dangerous **1.00** Sharks of the Deep Blue

**DISCOVERY**
**12.00** American Casino **13.00** Battlefield **14.00** Scrapheap Challenge **15.00** Rex Hunt Fishing Adventures **15.30** John Wilson's Fishing Safari **16.00** Super Structures **17.00** Scrapheap Challenge **18.00** Mythbusters **19.00** Ultimate Ten **20.00** Building the Ultimate **20.30** Massive Engines **21.00** Wild Weather **22.00** Forensic Detectives **23.00** Mythbusters **0.00** Weapons of War

**MTV**
**13.00** SpongeBob SquarePants **13.30** Wishlist **14.00** TRL **15.00** Dismissed **15.30** Just See MTV **16.30** MTV:new **17.00** The Rock Chart **18.00** Newlyweds **18.30** The Ashlee Simpson Show **19.00** Cribs **19.30** Jackass **20.00** Top 10 at Ten **21.00** Punk'd **21.30** SpongeBob SquarePants **22.00** Alternative Nation **23.00** Just See MTV

**VH1**
**15.00** So 80's **16.00** VH1 Viewer's Jukebox **17.00** Smells Like the 90s **18.00** VH1 Classic **18.30** Then & Now **19.00** Behind the Music **20.00** Fabulous Life Of... **20.30** Solo Spice **21.00** VH1 Rocks **21.30** Flipside **22.00** Top 5 **22.30** VH1 Hits

**CLUB**
**12.10** Africa on a Plate **12.40** Race to the Altar **13.30** Hollywood One on One **14.00** Cheaters **14.45** Girls Behaving Badly **15.10** Lofty Ideas **15.35** Retail Therapy **16.00** Yoga Zone **16.25** The Method **16.50** Race to the Altar **17.40** Retail Therapy **18.05** Matchmaker **18.30** Hollywood One on One **19.00** Girls Behaving Badly **19.25** The Villa **20.15** My Messy Bedroom **20.45** What Men Want **21.10** Spicy Sex Files **22.00** Girls Behaving Badly **22.25** Crime Stories **23.10** Entertaining With James **23.40** Anything I Can Do **0.05** Weekend Warriors **0.30** Awesome Interiors **0.55** Africa on a Plate

**E! ENTERTAINMENT**
**12.00** E! News **12.30** Jackie Collins Presents **13.30** Fashion Police **14.00** Style Star **14.30** Life is Great with Brooke Burke **15.00** High Price of Fame **16.00** 101 Juiciest Hollywood Hookups **17.00** Gastineau Girls **18.00** E! News **18.30** Gastineau Girls **19.00** The E! True Hollywood Story **22.00** The Entertainer **23.00** E! News **23.30** The E! True Hollywood Story **0.30** Gastineau Girls **1.00** High Price of Fame

**CARTOON NETWORK**
**12.20** Samurai Jack **12.45** Foster's Home for Imaginary Friends **13.10** Ed, Edd n Eddy **13.35** Codename: Kids Next Door **14.00** Hi Hi Puffy Amiyumi **14.25** The Cramp Twins **14.50** The Powerpuff Girls **15.15** Johnny Bravo **15.40** Megas XLR **16.05** Samurai Jack **16.30** Foster's Home for Imaginary Friends **16.55** Ed, Edd n Eddy **17.20** Dexter's Laboratory **17.45** Codename: Kids Next Door **18.10** The Powerpuff Girls **18.35** The Grim Adventures of Billy & Mandy

**JETIX**
**12.10** Lizzie Mcguire **12.35** Braceface **13.00** Hamtaro **13.25** Moville Mysteries **13.50** Pokémon VI **14.15** Digimon I **14.40** Spider-Man **15.05** Sonic X **15.30** Totally Spies

**MGM**
**12.25** Safari 3000 **13.55** Toys in the Attic **15.25** Stolen Hours **17.00** Gaily, Gaily **18.45** The Program **20.40** Fatal Memories **22.15** The White Bus **23.05** Those Lips, Those Eyes **0.50** Martin's Day

**TCM**
**19.00** Arsenic and Old Lace **20.55** The Gypsy Moths

## VIÐ MÆLUM MEÐ...

**BRÚÐKAUPSÞÁTTURINN JÁ** *Skjár einn* **kl. 21.15**

*Þetta er sjötta sumarið sem þátturinn er sýndur.*

### Praktísk atriði varðandi brúðkaup

Elín María Björnsdóttir er mætt aftur á skjáinn í brúðkaupsþættinum og ætlar að fræða áhorfendur um allt sem tengist brúðkaupum. Að þessu sinni verða fengnir sérfróðir aðilar til að upplýsa áhorfendur og brúðhjón um praktísku atriðin varðandi hjónabandið. Hvað er kaupmáli og hvaða merkingu hefur hann? Hverjir gera kaupmála? Hvernig er best að bera sig að þegar börn af fyrri samböndum eru til staðar? Hvað á að gera við afbrýðisaman fyrri maka? Skreytinga- og veisluráðin og sögurnar verða þó að sjálfsögðu á sínum stað.



FRÉTTABLAÐIÐ/E.ÓL.

Elín María Björnsdóttir.

## ÚR BÍÓHEIMUM

Í hvaða kvikmynd hljómaði þessi setning:

**„I wouldn't let you sleep in my room if you were growing on my ass."**

**Svar:** Buzz McCallister úr kvikmyndinni Home Alone frá árinu 1990.

## TALSTÖÐIN FM 90,9

**7.03** Morgunútvarpið – U: Gunnhildur Arna Gunnarsdóttir og Sigurjón M. Egilsson. **9.03** Margrætt með Ragnheiði Gyðu Jónsdóttur. **10.03** Morgunstund með Sigurði G. Tómassyni.

**12.15** Hádegisútvarpið – U: Sigmundur Ernir. **13.01** Hrafnaþing – U: Ingvi Hrafn. **14.03** Fótboltavikan með Hansa – U: Hans Steinar. **15.03** Allt og sumt.

**17.59** Á kassanum – Illugi Jökulsson. **19.30** Úrval úr Morgunútvarpi e. **20.00** Margrætt með Ragnheiði Gyðu e. **21.00** Morgunstund með Sigurði G. e. **22.00** Á kassanum e.

**22.30** Hádegisútvarpið e.

## RÁS 1 FM 92,4/93,5

**7.30** Morgunvaktin **9.05** Laufskálinn **9.40** Þjóðbrók **9.50** Morgunleikfimi **10.13** Sáðmenn söngvanna **11.03** Samfélagið í nærmynd

**12.50** Auðlind **13.05** Syrpa **14.03** Útvarpssagan, Herra Ibrahim og blóm Kóransins **14.30** Sagan bakvið lagið **15.03** Spegill tímans **16.13** Hlaupanótan **17.03** Víðsjá

**18.25** Spegillinn **19.00** Vitinn **19.30** Laufskálinn **20.05** Slæðingur **20.15** Á þjóðlegu nótunum **21.00** Í hosíló **21.55** Orð kvöldsins **22.15** Vordagar í Reykjavík

**23.10** Söngkona gleði og sorgar

## RÁS 2 FM 90,1/99,9

**7.30** Morgunvaktin **8.30** Einn og hálfur með Gesti Einari Jónassyni **10.03** Brot úr degi

**12.20** Hádegisfréttir **12.45** Poppland **16.10** Dægurmálaútvarp Rásar 2

**18.00** Kvöldfréttir **18.24** Auglýsingar **18.25** Spegillinn **19.30** Fótboltarásin **22.10** Rokkland

**1.10** Ljúfir næturtónar **2.10** Næturtónar

## BYLGJAN FM 98,9

**5.00** Reykjavík Síðdegis endurflutt **7.00** Ísland í bítið **9.00** Ívar Guðmundsson

**12.00** Hádegisfréttir **12.20** Óskalagahádegi Bylgjunnar **13.00** Bjarni Arason **16.00** Reykjavík Síðdegis

**18.30** Kvöldfréttir og Ísland í dag **19.30** Bragi Guðmundsson - Með ástarkveðju **22.00** Lífsaugað með Þórhalli miðli

## ÚTVARP SAGA FM 99,4

**9.03** ÓLAFUR HANNIBALSSON **10.03** RÓSA INGÓLFSDÓTTIR **11.03** ARNÞRÚÐUR KARLSDÓTTIR

**12.25** Meinhornið (endurfl. frá deginum áður) **12.40** MEINHORNIÐ **13.05** JÖRUNDUR GUÐMUNDSSON **14.03** KOLBRÚN BERGÞÓRSDÓTTIR **15.03** ÓSKAR BERGSSON **16.03** VIÐSKIPTAÞÁTTURINN **17.05** HEILSUHORN GAUJA LITLA **18.00** Meinhornið (e) **19.40** Endurfl. frá liðnum degi.

## AÐRAR STÖÐVAR

**FM 95,7 Effemm** / Zúúber tónlistarstöðin
**FM 102,2 Útvarp Latibær** / Fjölskyldu útvarp
**FM 102,9 Lindin** / Kristilegt efni
**FM 96,7 Létt** / Tónlist og afþreying
**FM 105,5 Útvarp Boðun** / Kristilegt efni
**FM 89,5 Kiss** / Nýja bítið í bænum
**FM 88,5 XA-Radíó** / 12 spora efni
**FM 91,9 XFM** / Tónlist og afþreying
**FM 104,5 Radíó Reykjavík** / Tónlist og afþreying



**00.20** *Íþróttir*

**UNDANKEPPNI HM Í FÓTBOLTA. Bein útsending frá leik erkifjendanna Argentínu og Brasilíu.**

## SÝN

**7.00** Olíssport

**18.15** David Letterman

**19.00** **Suður-Ameríku bikarinn** (Brasilía – Argentína) Útsending frá leik Brasilíu og Argentínu í Suður-Ameríku bikarnum á síðasta ári. Þjóðirnar mætast í undankeppni HM í kvöld en leikurinn verður í beinni á Sýn.
**21.00** **Toyota mótaröðin í golfi 2005**
**22.00** **Olíssport** Fjallað er um helstu íþróttaviðburði heima og erlendis. Það eru starfsmenn íþróttadeildarinnar sem skiptast á að standa vaktina en kapparnir eru Arnar Björnsson, Hörður Magnússon, Guðjón Guðmundsson og Þorsteinn Gunnarsson.
**22.30** **David Letterman** Það er bara einn David Letterman og hann er konungur spjallþáttanna. Góðir gestir koma í heimsókn og Paul Shaffer er á sínum stað.

**23.20** Maradona **0.20** HM 2006. Bein útsending frá leik Argentínu og Brasilíu í undankeppni HM.

## POPP TÍVÍ

**19.00** Tvíhöfði (e) **21.00** Real World: San Diego **21.45** Kenny vs. Spenny

**22.40** The Prodigal **0.30** The Sisters **2.10** Silver River

**HALLMARK**

**12.45** W.E.I.R.D. World **14.15** Barbara Taylor Bradford: To Be the Best **16.00** Early Edition **16.45** Snow White **18.30** Night of the Wolf **20.00** Law & Order Vii **20.45** The Premonition **22.15** Free of Eden **0.00** Law & Order Vii **0.45** Night of the Wolf **2.15** The Premonition

**BBC FOOD**

**12.00** Street Cafe **12.30** Ready Steady Cook **13.00** The Naked Chef **13.30** James Martin Sweet **14.00** Can't Cook Won't Cook **14.30** Douglas Chew Cooks Asia **15.30** Ready Steady Cook **16.00** Delia's How to Cook **16.30** Rosemary on the Road **17.00** Tony and Giorgio **17.30** Giorgio Locatelli – Pure Italian **18.30** Ready Steady Cook **19.00** The Naked Chef **19.30** Made to Order **20.00** Can't Cook Won't Cook **20.30** Floyd's India **21.30** Ready Steady Cook

**DR1**

**12.40** Tolv blomster, en kinesisk historie **12.50** Livsfarligt sommerjob Hels. start **13.20** Kvinder på storvildtsjagt **13.50** Nyheder på tegnsprog **14.00** Det er mængden der g¢r det **14.30** Bag Egeskovs Mure **15.00** Vores vilde verden **15.05** Dragon Ball Z **15.30** Orkanens •je **16.00** Anton – min hemmelige ven **16.30** TV Avisen med Sport og Vejret **17.00** Fint skal det være **17.30** Hvad er det værd? **18.00** Hammerslag **18.30** DR-Derude direkte med S¢ren Ryge Petersen **19.00** TV Avisen **19.25** Kontant **19.50** SportNyt **20.00** Prinsesse Daisy **21.30** Blue Murder

**SV1**

**12.40** Hon kom som en vind **14.00** Rapport **14.05** Mitt i naturen **14.35** I am Stig from Sweden **15.00** Garage om film **15.30** Krokodill **16.00** Griniga gubbar **16.30** Kipper **16.40** Brum **16.50** Kollobarnen **17.00** Stallkompisar **17.25** Tracks video **17.30** Rapport **18.00** Uppdrag Granskning **19.00** Allt för Norge **20.30** Först & sist **21.25** Rapport **21.35** Kulturnyheterna **21.45** Sommardebatt **22.45** Sändning från SVT24





## HRÓSIÐ

*...fær Birna Bjarnadóttir fyrir að vera elsti rappaðdáandi landsins. Hún fílar Snoop Dogg í botn en eflaust eru fáir á hennar aldri aðdáendur rapphundsins góða.*

## DÓTAKASSINN

**Dótið?** Harley Davidson Fatboy, fimmtán ára afmælisútgáfan.

**Sem er?** Ef þig langar til þess að líða eins kvikmyndastjörnu, nú eða eins og rokkstjörnu, þá er þessi fimmtán ára útgáfa af Harley Davidson Fatboy málið. Þetta er klassísk hönnun með undirliggjandi dempurum og krómfelgum. Ekki skemmir vélin fyrir en hún verður 1550 cc. Eins og þeir sem til þekkja vita hefur mikið verið lagt í þetta hjól og mun það vera með mikið af krómi og mörgum aukahlutum.

**Hvernig virkar það?** Það virkar, svo mikið er víst. Sjálfur Tortímandinn, Arnold Schwarzenegger, keyrði um á Fatboy hjóli. Það er fyrirmynd allra japanskra hjóla í dag og er í rauninni klassísk hönnun á mótorhjóli.



**Hvar fæst það?** Hjólið er væntanlegt til landsins á næstu tveimur vikum. Aðeins eitt hjól kemur til landsins, en það verður svart og er nú statt í Svíþjóð. Hjólið verður selt í Harley Davidson búðinni á Grensásvegi 16.

**Hvað kostar það?** Hjólið mun kosta rétt rúmlega þrjár milljónir sem er ekki mikið fyrir þá virðingu sem þér hlotnast á vegum úti þegar þú þeysist um á mótorfák og hræðist ekki neitt.

| 1 | 2 | 3 | | 4 | 5 |
|---|---|---|---|---|---|
| 6 | | | ■ | 7 | |
| 8 | | ■ | 9 | | |
| | ■ | 10 | | | ■ |
| ■ | 11 | ■ | 12 | | 13 |
| 14 | | | ■ | 15 | |
| 16 | | ■ | 17 | | |
| 18 | | | | ■ | |

**Lárétt: 1** tímamælir, **6** borg, **7** svar, **8** hvílt, **9** vörumerki, **10** verkfæri, **12** samgöngufyrirtæki, **14** blundur, **15** tvíhljóði, **16** á nótu, **17** framhandleggur, **18** skítur.
**Lóðrétt: 1** dýrindis matur, **2** landspilda, **3** varðandi, **4** listamaður, **5** í röð, **9** dráttur, **11** pússa, **13** romsa, **14** blaður, **17** píla.

**Lausn.**

**Lárétt: 1** klukka, **6** róm, **7** já, **8** áð, **9** tab, **10** bor, **12** svr, **14** mók, **15** au, **16** an, **17** öln, **18** saur. **Lóðrétt: 1** krás, **2** lóð, **3** um, **4** kjarval, **5** aáb, **9** tos, **11** bóna, **13** runa, **14** mas, **17** ör.

## LEIÐRÉTTING

**RÖNG MYND BIRTIST Í BLAÐINU** á sunnudag með viðtali við Hallgrím Helgason rithöfund. Í stað Hallgríms birtist mynd af Björgólfi Guðmundssyni, formanni bankaráðs Landsbankans. Beðist er velvirðingar á þessum mistökum. Jafnframt skal tekið fram að Hallgrímur lítur engan veginn á skáldsögu sína, Höfundur Íslands, sem lykilskáldsögu um Halldór Laxness þótt svo hafi mátt skilja á því sem blaðamaður hafði eftir honum. Hallgrímur hafði hins vegar sagt blaðamanni að sum dagblöð í Þýskalandi teldu söguna vera lykilróman.

AUGLÝSINGASÍMI
550 5000
FRÉTTABLAÐIÐ



**BRYNDÍS ÁSMUNDSDÓTTIR** Vildi lítið segja um samstarfið við Stuðmenn enda er Hildur Vala aðalsöngkona sveitarinnar í sumar.



**BJÖRN JÖRUNDUR FRIÐBJÖRNSSON** „Iðandi af jákvæðri lífsorku og gleði," segir Jakob Frímann um söngvarann.

STUÐMENN: Í SJÓNVARPSÞÆTTI Á ÍTALÍU

# Björn og Bryndís í Stuðmenn

Björn Jörundur Friðbjörnsson og Bryndís Ásmundsdóttir leikkona og söngkona eru að fara að syngja með Stuðmönnum í sjónvarpsþætti á Ítalíu. Bryndís er þó ekki að taka við af Hildi Völu Einarsdóttur sem söngkona sveitarinnar í sumar, að sögn Jakobs Frímanns Magnússonar stuðmanns. „Þetta er í rauninni alveg ótengt öllu sem við höfum verið að gera," segir Jakob. „Þetta er bara ein stutt ferð, hún hleypur í skarðið fyrir Hildi Völu eina helgi á Ítalíu. Hildur Vala var búin að ráðstafa sér á þremur stöðum fyrir þessa helgi og þá leystum við málið með því að fá Bryndísi í stað þess að Hildur frestaði sínum plönum," segir hann. Bryndís, sem var um tíma umsjónarmaður Djúpu laugarinnar, er lærð leikkona og ætti því að geta haldið uppi stuðinu með Stuðmönnum. Hún hefur einnig reynslu af söng því hún hefur áður sungið með Búðarbandinu og Íslenska fánanum.

„Stuðmenn eru að halda merki Íslands á lofti og í því samhengi var talið rétt að fá tvo íslenska fánabera með til Ítalíu," segir Jakob. Þar vísar hann til Bryndísar og Björns Jörundar félaga hennar í Íslenska fánanum. „Íslenski fáninn er sú hljómsveit sem Björn Jörundur stofnaði í fyrra og hefur komið fram við hátíðleg tækifæri. Björn og Bryndís eru þar í fremstu víglínu. Við Stuðmenn höfum þekkt þau lengi og erum hrifin af þeim," segir Jakob. „Þau eru iðandi af jákvæðri lífsorku og gleði." Jakob bætir við að framkoman í sjónvarpsþættinum hafi kallað á fjölraddaðan söng og því hafi Stuðmenn fengið aðstoð fánaberanna.

Að sögn Jakobs var sveitin búin að lofa sér í sjónvarpsþáttinn fyrir talsvert löngu. Þátturinn er á vegum þýskrar sjónvarpsstöðvar sem sendir út frá Ítalíu og er þetta í þriðja sinn sem hljómsveitin kemur fram í þættinum. „Þetta er bara stutt innslag í skemmtiþátt sem berst til tíu til tuttugu milljón manna," segir Jakob.

**rosag@frettabladid.is**

## FRÉTTIR AF FÓLKI



**Ian Wright**, knattspyrnugoð úr Arsenal, var staddur hér á landi um helgina. Hann var á leiðinni til Grænlands og síðar norðurpólsins til þess að taka upp þátt fyrir BBC. Wright hefur að ferli sínum loknum á græna vellinum tekist að slá í gegn á skjánum og er mjög vinsæll í Bretlandi. Wright spókaði sig meðal annars á Akureyri í þann stutta tíma sem hann var hér en Hermann okkar Hreiðarsson var honum innan handar. Á sunnudagskvöldið sást Wright svo í miðbæ Reykjavíkur ásamt hjónakornunum Hemma og Rögnu Lóu.



**Reykjavík** er þétt setin af íþróttamönnum þessa dagana enda bæði landsliðin í handknattleik og knattspyrnu heima við æfingar og keppni. Hinn nýi staður Kaffi Óliver virðist vera að gera það gott þessa dagana og landsliðsmennirnir í knattspyrnu, sem fyrr um daginn höfðu tapað fyrir Ungverjum, gerðu sér glaðan dag þar inni. Það fór svo ekki á milli mála hver var kominn til landsins á sunnudeginum þegar Ólafur Stefánsson, besti handknattleiksmaður okkar, spókaði sig á Laugaveginum, glæsilegur til fara, en hann hefur víst fest kaup á íbúð á Hverfisgötunni.



SIGIN GRÁSLEPPA, STÓR HUMAR

Fiskbúðin Vör
– Fiskikóngurinn –

Höfðabakka 1 - sími 587 50 70
Opið laugardaga frá 10-14.30

# Apple vill bara Sigur Rós og Bítlana

Ávöxtur sambands Chris Martin og Gwyneth Paltrow, Apple, vill ekki sjá nýju plötuna með hljómsveit pabba síns, Coldplay, X & Y, sem kom út í gær, að sögn tónlistarvefjarins contactmusic.com. Það eina sem Apple vill hlusta á er íslensku strákarnir í Sigur Rós.

Apple hefur ekkert hlustað á nýju plötuna með pabba sínum og hún er varla sett á fóninn heima hjá fjölskyldunni frægu. Þess í stað fær tónlist Sigur Rósar að hljóma, sem er að sögn Martins uppáhaldshljómsveit Apple ásamt Bítlunum. „Við spiluðum Sigur Rós þegar Apple fæddist og það er ekki hægt að koma í heiminn við betri tóna," upplýsir Martin.

Það er því greinilegt að stúlkukindin, sem aðeins er eins árs, hefur mjög þroskaðan tónlistarsmekk og er strax orðin mikill Íslandsvinur, án þess að hafa komið hingað til lands.

Chris og félagar hans í Coldplay eru hins vegar að leggja upp í tónleikaferðalag sem hefst í París nú á fimmtudaginn en því lýkur í Bandaríkjunum í lok september. Það verður því forvitnilegt að sjá hvort Coldplay láti sjá sig á Klakanum eins og vinsælt er meðal erlendra hljómsveita þegar sveitin hefur lokið sér af í Bandaríkjunum.

**freyrgigja@frettabladid.is**



**GWYNETH MEÐ APPLE** Apple er greinilega með góðan tónlistarsmekk miðað við aldur og heldur mikið upp á strákana í Sigur Rós.


ÚTRÝMINGARSALA
VATNSVIRKJANS 1.-11. JÚNÍ
Erum að rýma fyrir nýjum vörumerkjum, komið og nýtið ykkur þetta einstaka tækifæri. Fyrstir koma fyrstir fá - takmarkað magn!
Allt að 90% afsláttur!
Flísar af öllum stærðum og gerðum
30% afsláttur!
Roma 8.995.-
Verð áður 12.995.-
Miramar 4.995.-
Verð áður 7.200.-
Monaco 6.995.-
Verð áður 9.995.-
Miami 13.995.-
Verð áður 19.995.-
Valadares handlaugar
20% afsláttur!
Baðkershurð
Sturtuhurð
Sturtuhorn
Sturtuhurð
Macro og Ferbox sturtuhorn og sturtuhurðir
150cm x 70cm
160cm x 70cm
170cm x 70cm
40% afsláttur!
Kr.14.995,-
verð áður kr. 24.995
Valadares baðker + fætur
Til í ýmsum stærðum
20% afsláttur!
Handklæðaofnar
Skolvaskur á vegg.
Skolvaskur í borð.
Reginox
Kr.9.995,-
VERÐ ÁÐUR Kr.14.995,-
Skolvaskar
Opið frá kl. 8
VATNSVIRKINN
Ármúla 21 · 108 Reykjavík · Sími 533 2020
Afgreiðslutími: Virka daga 8-18 Laugardaga 10-16
Léttgreiðslur/Raðgreiðslur
Birt með fyrirvara um prentvillur og/eða myndbrengl

# FRÉTTABLAÐIÐ

**SÍMANÚMER FRÉTTABLAÐSINS:** 550 5000, fax: 550 5099 **Ritstjórn:** 550 5005, fax: 550 5006, ritstjorn@frettabladid.is
**DREIFING:** dreifing@posthusid.is **Auglýsingadeild:** auglysingar@frettabladid.is **Veffang:** visir.is

**VIÐ SEGJUM FRÉTTIR** **SMÁAUGLÝSINGASÍMINN ER 550 5000**



Eldvarnartjöld og reyklúgur

ÍSLENZKA VERZLUNARFÉLAGIÐ
Askalind 5 • 201 Kópavogur • Sími 564 5500
Fax 564 5555 • isv@isv.is • www.isv.is




BAKÞANKAR


KRISTÍNAR HELGU GUNNARSDÓTTUR


## *Af sólkonungum*

Getur verið að Don Kíkóti búi á Íslandi? Er hann herragarðseigandi á Stóra Fróni? Já, svei mér þá. Hann er hinn sjónumhryggi riddari sem ærist yfir því hve skilningssljóir sveitungar hans eru. Hann berst við ill og ósýnileg öfl sem aðeins eru til í hans dimmustu hugskotum, eltir úreltar hugsjónir og lifir og hrærist í gömlum ævintýrum. Við hlið hans ríður Sancho Pancha á asnanum, sauðtryggur hvað sem á dynur því hann veit að launin eru landstjórastaða. Hann gerir allt fyrir landstjóraembættið, allt. Nú skal verja riddarann sinn og hans vonlausu hugsjónir, nú skal verja drauminn um landstjóraembættið. Þó liggja sorglegar staðreyndir þegar fyrir og ljóst að hann mun aldrei sitja gæðinga eins og riddarinn. Honum er ætlað að hossast á asna inn í sólsetrið.

**RÍKIÐ**, það er ég, sagði sólkonungur í Frakklandi. Foringinn á Stóra Fróni virðist tauta þetta ofan í bringuna á sér sæta, langa sumardaga. Það kemur til minna kasta að úrskurða um hvort þetta eða hitt er mögulegt og hvort forsetinn má yfirhöfuð skjóta nokkrum sköpuðum hlut til þjóðarinnar. Hvort vegur þyngra, lýðveldi eða þingveldi – Ingveldi eða pingveldi? Ég ræð þessu öllu saman og við grillum banana í allt sumar.

**SUMARVÆRÐIN** færist yfir okkur. Lóan og himbriminn dáleiða Frónverjann og gera hann kærulausan. Það er búið að senda þingmenn heim í frí og fresta þeirri sápuóperu til haustsins. Hasarinn er búinn rétt eins og Leiðarljós og Beðmál í borginni. Serían endar með átakamiklum hápunkti og gera má ráð fyrir öflugri endurkomu með dramatískum breytingum að hausti. Allt í einu er miklu meira aðkallandi að olíubera pallinn, klippa hekkið, eitra fyrir undarlegum aðskotadýrum í garðinum, kaupa sumarblóm, grilla tilboðsmat og vaka í nætursólinni.

**HJARTAGÓÐ** stubba situr í aftursæti og ferðast um íslenskar sveitir. Hún gefur mömmu sinni fallegasta blómvönd í víðri veröld. Sjáðu þessi tún, mamma? segir hún og bendir á breiðurnar út um gluggann. Já, segir móðirin annars hugar. Sjáðu allar sóleyjarnar sem vaxa um dalinn? Já, svarar móðirin. Þær eru handa þér. Þú mátt eiga þær allar.





Volkswagen Passat hefur verið endurhannaður frá grunni, öflugri, fágaðri og betur búinn en nokkru sinni. Hann er stærri og rúmbetri og er nú sá stærsti í sínum flokki.

Passat býðst nú með nýjum og öflugum FSI® bensín- og TDI® dísilvélum með 6 gíra handskiptingu eða 6 þrepa sjálfskiptingu.

Meðal staðalbúnaðar má nefna hemlalæsivörn (ABS), rafstýrða stöðugleikastýringu (ESP), spólvörn (ASR), rafræna handbremsu, fjarstýrða opnun á farangursgeymslu og byltingarkenndan kveikjubúnað sem aðeins er að finna í Volkswagen Passat.

Lúxus hefur fengið nýja ásýnd. Komdu og kynnstu Volkswagen Passat.

**Verð 2.275.000 kr.**
**1600 FSI® 6 gíra beinskiptur**

Aus Liebe zum Automobil

Umboðsmenn um land allt: Höldur hf., Akureyri, sími 461 6020 · HEKLA, Borgarnesi, sími 437 2100 · HEKLA, Ísafirði, sími 456 4666
HEKLA, Reyðarfirði, sími 470 5100 · HEKLA, Reykjanesbæ, sími 420 5000 · HEKLA, Selfossi, sími 482 1416
HEKLA, Laugavegi 174, sími 590 5000
www.hekla.is, hekla@hekla.is

4,15% Íbúðalán SPRON
öllum opin
Við afnemum skilyrði um önnur bankaviðskipti



Íbúðalán SPRON eru háð útlánareglum SPRON
Upplýsingar í síma 550 1200, 550 1400 eða á **www.spron.is**

spron – fyrir allt sem þú ert

Himinn og haf / SÍA



## Heyrst hefur ...

... að nóg sé að gerast í körfunni þessa dagana. „Erlurnar" eru hættar í Grindavík sem og Darrell Lewis sem bæði Keflavík og Haukar vilja fá. Svo er víst áhugi fyrir Magnúsi Gunnarssyni í Frakklandi og aldrei að vita nema stórskyttan öfluga fái tilboð frá Frakklandi fljótlega.

# sport

sport@frettabladid.is

**KNATTSPYRNUKAPPINN ÓLAFUR INGI SKÚLASON:** SAMNINGSLAUS OG LEITAR AÐ NÝJU FÉLAGI

# *Hugsa fyrst um leikinn, annað er bónus*



„Við erum að gíra okkur upp fyrir leikinn," sagði Ólafur Ingi Skúlason fyrirliði íslenska landsliðsins skipað leikmönnum 21 árs og yngri sem mætir Maltverjum í dag, kl. 18 á KR-velli. Liðið lék á föstudaginn gegn Ungverjum og töpuðu, 1–0, en liðið hafði fram að því unnið tvo leiki af fimm og gat jafnað Ungverja að stigum.

Það er því fátt annað eftir en að spila upp á heiðurinn, rétt eins og hjá A-landsliðinu. Hjá sumum leikmönnum er þó enn meira undir en margir þeirra vonast þeir til að einn af þeim fjölmörgu útsendurum erlendra félagsliða sem munu fylgjast með leiknum taki sérstaklega eftir þeim.

Eini leikmaðurinn í hópnum sem er ekki samningsbundinn liði, íslensku né erlendu, er Ólafur Ingi sem hefur undanfarin ár verið á mála hjá enska stórveldinu Arsenal. Ekki fékk hann mörg tækifæri með aðalliðinu en hann stóð sig vel með varaliðinu. En Arsenal leysti hann undan samningi í vor og vill hann því komast að hjá öðru evrópsku félagi. „Ég held að þó svo að það sé mikið undir hjá okkur persónulega í leikjum sem þessum hugsum við fyrst og fremst um liðið og að ná hagstæðum úrslitum. Annað er bara bónus. Við ætlum okkur að vinna á morgun, sérstaklega eftir að við töpuðum úti á Möltu."

„En það er tvímælalaust mikilvægt fyrir mig persónulega að standa mig vel. Ég reyni þó að hugsa ekki mikið um það eða setja pressu á sjálfan mig á neinn hátt. Fyrir mér eru þetta bara tveir venjulegir leikir – enda tel ég að ef við spilum á eðlilegri getu stöndum við okkur allir vel," sagði Ólafur Ingi.

Hann segir það erfitt að finna nýtt félag. „En þetta ætti að geta gengið ágætlega. Ég er að koma frá stórum klúbbi, hef spilað tvo A-landsleiki og er algerlega frír. En liðin eru varkár, þau vilja sjá leikmennina oftar en einu sinni og því gæti þess vegna dregist fram á sumarið. En ég er staðráðinn í að standa mig vel á morgun."

## > Við þökkum ...



... Guðmundi Hrafnkelssyni fyrir árin m landsliðinu en þessi mik höfðingi lék kveðjuleik sinn fyrir landsliðið í Kaplakrika í gær. Ferill Guðmundar er langur glæsilegur en hann lé alls yfir 400 leiki en sá fyrsti kom árið 1986. númer 400 náði Guðmundur á ÓL síðasta sumar.

## > Hvergi veikur hlekkur ...



.... það er óhætt að segja að hvergi sé veikan hlekk að finna hjá Íslandsmeisturum FH og þeir eru ekki hættir að styrkja keðjuna því markvörðurinn Ólafur Þór Gunnarsson, fyrrum markvörður ÍA og Vals, er á leið til félagsins.

## HVAÐ? HVENÆR? HVAR?

MAÍ

19 20 21 **22** 23 24 25

**Sunnudagur**

### LEIKIR

- 18.00 **Ísland** og **Malta** mætast á KR-velli í undankeppni EM hjá U-21 árs liðum.
- 19.15 **Grótta** og **ÍA** mætast á Gróttuvelli í VISA-bikarkeppni karla í fótbolta.

### SJÓNVARP

- 07.00 **Olíssport** á Sýn. Endursýndur þáttur.
- 07.30 **Olíssport** á Sýn. Endursýning.
- 08.00 **Olíssport** á Sýn. Endursýning.
- 08.30 **Olíssport** á Sýn. Endursýning.
- 17.45 **Olíssport** á Sýn. Endursýning.
- 19.00 **Suður-Ameríkubikarinn** á Sýn. Brasilía gegn Argentínu.
- 21.00 **Toyota-mótaröðin í golfi** á Sýn.
- 22.00 **Olíssport** á Sýn. Bein útsending.
- 23.20 **Maradona** á Sýn.




# Hver var þessi Svíagrýla?

**Ísland vann sinn fyrsta sigur á fullskipu liði Svía í 17 ár í vináttulandsleik þjó anna í Kaplakrika. Guðmundur Hrafnkelsson lék sinn síðasta landsleik. Eina Hólmgeirsson leit á þetta sem hvern annan leik og bauð upp á skotsýningu.**

**HANDBOLTI** Tveir langir kaflar í sögu íslensks handbolta enduðu báðir í Kaplakrika í gærkvöld þegar Ísland vann fjögurra marka sigur á Svíþjóð, 26-22, í fyrri vináttulandsleik þjóðanna sem bæði eru að undirbúa sig fyrir undankeppni Evrópumótsins.

Í fyrsta lagi lék Guðmundur Hrafnkelsson sinn síðasta landsleik eftir 20 landsliðsár og yfir 400 leiki og í öðru lagi vann Ísland fullskipað landslið Svíþjóðar í fyrsta sinn síðan á Spánarmótinu í ágúst 1988. Það sem meira er, Ólafur Stefánsson, sat uppi í stúku í gær og sá félaga sína í liðinu vinna þennan vonandi tímamótasigur á Svíum en þjóðirnar mætast aftur á Akureyri á miðvikudaginn.

### Skotsýning frá Einari

Kollegi Ólafs í hægri skyttunni, Einar Hólmgeirsson, átti frábæran leik, skoraði 9 mörk úr aðeins 12 skotum og átti auk þess 5 sendingar sem gáfu mörk eða vítaköst. Einar kannaðist ekki við neina Svíagrýlu.

„Fyrir mér er þetta bara eins og hver annar leikur og ég hef aldrei hugsað um einhverja Svíagrýlu. Þetta small aðeins betur saman hjá okkur í seinni hálfleik en vörnin var skelfileg í fyrri hálfleik. Við erum búnir að æfa stíft og við vorum kannski smá þreyttir en við tókum á því í lokin og sýndum hvað við getum. Ég er alltaf bjartsýnn og við vinnum hérna Svía með 4 mörkum og við getum allt ef við ætlum okkur það," sagði Einar eftir leik en sjö af mörkum hans komu með glæsilegum langskotum hverju öðru glæsilegra.

Ísland hafði eitt mark yfir í hálfleik, 19-18, en Viggó Sigurðsson breytti vörninni í hálfleik, fór úr 5:1 í 6:0 og Svíar skoruðu aðeins tvö mörk á fyrstu 10 mínútunum eftir hlé. Ísland komst fimm mörkum yfir og hélt öruggu forskoti út leikinn. Einar, Róbert Gunnarsson og Birkir Ívar Guðmundsson stóðu sig best en annars var allt liðið að standa sig og þá sérstaklega í vörnnini í seinni hálfleik.

Landsliðsfyrirliðinn Dagur Sigurðsson var ánægður með sigurinn enda búinn að spila marga tapleiki gegn Svíum.

„Við höfðum verið nálægt því að vinna Svía síðustu árin en þá höfum við alltaf verið að spila við þá á þeirra heimavelli og verið að tapa með einu eða tveimur mörkum. Þetta voru leikir sem okkur fannst að við áttum að vinna. Það var því kærkomið að fá þá hin heim og taka þá," sagði Dagur. „ getið þið hætt að tala um Svíag una," sagði Dagur í léttum tón bætti svo við:

„Ég hef oft bent á það að gry eru þegar slakari liðin eru að vi góðu liðin. Það er ekki hægt að um að Svíar hafi verið slak gegnum árin og ekki vorum vi vinna mikið Rússanna. Nú eru þ að breyta liðinu hjá sér og eru ganga í gegnum ekkert ósvi skeið og við. Ég var mjög ánæg með þennan leik, mér fannst h vel spilaður. Sóknarleikurinn frábær í fyrri hálfleik og þegar við byrjuðum að spila vö ina þá sigum við fram úr," sa Dagur að lokum. **ooj@frettablad**



**18 MÖRK SAMAN** Róbert Gunnarsson býr sig undir að skora eitt af 9 mörkum sínum g Svíum í gær. Einar Hólmgeirsson hefur sent boltann til hans inn á línu. Þeir Einar og Róbert skoruðu 18 mörk úr aðeins 22 skotum í tímamótasigri á Svíum. FRÉTTABLAÐIÐ



## KIR GÆRDAGSINS

*ttulandsleikur:*

**–SVÍÞJÓÐ 36–32**

**ands:** Einar Hólmgeirsson 9 (12 skot), unnarsson 9/2 (10/3), Guðjón Valur on 5/1 (9/2), Jaliesky Garcia 4 (10), fsson 2 (2), Sigfús Sigurðsson 2 (2), gurðsson 2 (5), Alexander Petersson 1 kús Máni Michaelsson 1 (4), Snorri uðjónsson 1 (4), Ásgeir Örn sson 0 (1).

**ot Íslands:** Guðmundur Hrafnkelsson 3 23%, lék fyrstu 14 mín og 27 sekúndur þá heiðursskiptingu), Birkir Ívar dssson 13 (af 35/6, 37%).

**rk Svía:** Jonas Larholm 9/8.

*sbankadeild kvenna:*

**ARNAN 0–1**

nnur Melkorka Helgadóttir (40.)

**BLIK–KR 4–0**

jöll Samúelsdóttir 2 (2., 74.), Edda dóttir, víti (64.), Sandra Karlsdóttir

**-ÍA 3–2**

Óðinsdóttir (47.), Laufey Ólafsdóttir argrét Lára Viðarsdóttir (88, beint úr ) – Hallbera Gísladóttir (10.), Anna sdóttir, víti (84.).

**AN:**

| | | | | | | |
|---|---|---|---|---|---|---|
| BLIK | 4 | 4 | 0 | 0 | 13–4 | 12 |
| | **4** | **3** | **0** | **1** | **20–6** | **9** |
| | 4 | 3 | 0 | 1 | 16–7 | 9 |
| **IAN** | **4** | **2** | **0** | **2** | **3–10** | **6** |
| | 3 | 1 | 0 | 2 | 13–5 | 3 |
| | **4** | **1** | **0** | **3** | **2–9** | **3** |
| ÍK | 3 | 1 | 0 | 2 | 4–12 | 3 |
| | **4** | **0** | **0** | **4** | **5–23** | **0** |



ík styrkist:

# na Ósk ett hjá Val

**TI** Nína Ósk Kristinsdóttir með Keflavík í kvöld gegn Landsbankadeild kvenna. inn átti upphaflega að fara gær en var frestað vegna ar. Nína er tvítug og leikur í ni en hún hefur undanfarin ið með Val, hún fékk síðan skipti yfir í Keflavík í gær. a býr í Sandgerði og segir lástæða þess að hún tók þá un að leika á ný með Keflafi verið sú að hún er komin nikla leið á því að keyra á ar. Reynir Þór Ragnarsson, rmaður hjá Keflavík, fagnað endurheimta Nínu en liðsins er frekar þunnskipum þessar mundir sökum la. Búast má við því að ík fái enn frekari liðsstyrk ga að hans sögn því þrír skir leikmenn eru væntan- næstu viku. **- egm**



**MEÐ ENSKA LANDSLIÐINU** Ashley Cole í leik með enska landsliðinu gegn Kólumbíu í síðustu viku en leikurinn fór fram í Bandaríkjunum. FRÉTTABLAÐIÐ/NORDIC PHOTOS/GETTY

# Cole áfrýjar dómnum

## Enski landsliðsbakvörðurinn Ashley Cole er verulega ósáttur við sektina sem hann fékk.

**FÓTBOLTI** Enski landsliðsmaðurinn Ashley Cole hefur ákveðið að sætta sig ekki við 100 þúsund punda sektina sem hann fékk fyrir sinn þátt í máli hans og Chelsea. Voru hann og Jose Mourinho, stjóri Chelsea, gefið í hlut að hafa hist að máli í vetur og rætt hugsanlega kaup og kjör á Cole frá Arsenal til Chelsea. En þar sem Cole er samningsbundinn Arsenal er slíkt vitanlega stranglega bannað í lögum enska knattspyrnusambandsins.

Graham Shear, lögmaður Cole, gaf í skyn að þeir myndu áfrýja dómnum og munu þeir hugsanlega bera fyrir sig að dómurinn og sektin muni setja takmarkanir á viðskiptamöguleika Cole í framtíðinni.

Cole fékk minnstu sektina en knattspyrnufélagið Chelsea var sektað um 300 þúsund pund, um 35 milljónir krónar, fyrir að bera víurnar í Cole og Mourinho um 200 þúsund pund fyrir að brjóta hegðunarreglur knattspyrnustjóra í ensku úrvalsdeildinni.

Ashley Cole er enn samningsbundinn Arsenal og gildir samningur hans út næsta keppnistímabil.

Hann hefur þó undanfarið látið frá sér að hann efist um framtíð sína þar og sé það líklegast að hann verði keyptur frá félaginu áður en langt um líður. Hvort Chelsea muni gera formlegt og löglegt tilboð í hann á eftir að koma í ljós en það verður að teljast heldur ólíklegt eins og staðan er nú. En það er þó aldrei að vita. **-esá**

Sundsambandið ræður nýjan landsliðsþjálfara:

# Brian Marshall snýr aftur

**SUND** Á blaðamannafundi í gær tilkynnti Sundsamband Íslands ráðningu Brians Marshall í stöðu landsliðsþjálfara frá og með fyrsta júlí næstkomandi og mun hann gegna starfinu fram yfir Ólympíuleikana í Peking árið 2008.

Marshall hefur verið viðriðinn sundþjálfun hér á landi lengi, en hann hefur bæði þjálfað SH og landsliðið áður, þannig að hann gjörþekkir íslenska sundfólkið. Von hans, sem og annarra í sundforystunni, er að stórbætt aðstaða til sundiðkunar og keppni með tilkomu nýju keppnislaugarinnar í Laugardal og bættur stuðningur við þjálfara og sundfólk verði til þess að bættur árangur náist í greininni á komandi árum.

„Ég mun ekki aðeins vinna með landsliðið, heldur vinna náið með þjálfurum félaganna og vinna að stefnumótun fyrir alla sundmenn innan þeirra. Stefnt verður á að koma með nýjar og ferskar áherslur og frumkvæði inn í þjálfun og leitast verður við að bæta stuðning sambandsins við afreksfólk sem er með háleit markmið og skýran metnað,“ sagði Marshall. **- bb**



**KOMINN AFTUR** Brian Marshall skrifar hér undir samninginn í gær. FRÉTTABLAÐIÐ/GVA




! Talstöðin FM 90,9

